

patagonia[®]
live simple. live extreme

Pú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

GG·sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

f
Finndu okkur á Facebook

ÍSALP

Ársrit Íslenska Alpaklúbbsins 2016





SUMMAR VETUR

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is



Árni Stefán Haldorsen á lokametrum Drífu í Kaldakinn á Ísklifurfestivali Ísalp 2016.

Útgefandi

Íslenski Alpklúbburinn
Pósthólf 1054, 101 Rvk.
Kt. 580675-0509 – info@isalp.is

Stjórn ÍSALP 2016

Helgi Egilsson, formaður
Þorsteinn Cameron, varaformaður
Ottó Ingi Þórisson, gjaldkeri

Sigurður Ragnarsson, meðstjórnandi

Heiða Jónsdóttir, meðstjórnandi
Bjartur Týr Ólafsson, meðstjórnandi
Jónas G. Sigurðsson, meðstjórnandi

Nú er aftur kominn taktur í útgáfu ársrita ÍSALP. Í fyrra gáfum við út blað sem náði yfir fimm ára tímabil og sökum þess varð ársritið nær því að vera bók en blað. Ætlunin var að hafa útgáfuna minni í sniðum í ár en þegar á hólminn var komið streymdu greinar inn og blaðið því álíka stórt og í fyrra. Margir eru hræddir við að andi og saga ÍSALP sé að hverfa í svarthol samfélagsmiðla en áhugi og þátttaka ykkar í gerð þessa ársrits sýnir annað.

Ársrit ÍSALP eru hornsteinn í fjallamennsku á Íslandi. Þau veita innsýn í tíðaranda klúbbsins hverju sinni og eru einstök heimild um afrek íslendinga í fjallamennsku og klifri. Umfram allt vonum við þó að sögurnar sem birtast í þessu blaði veiti innblástur fyrir aðra til að finna sín eigin ævintýri á fjöllum.

Í annál síðasta árs yfirsást okkur að greina frá nokkrum stórbrotnum klifurafrekum kvenna. Við biðjumst innilega velvirðingar á því en í kjölfarið fannst okkur tilvalið að hafa blaðið í ár með kvennaþema. Á hverju ári berast sögur af hetjudáðum kvenna en oft fá þær ekki þá umfjöllun sem þær eiga skilið. Það er löngu afsannað að karlar séu betri en konur á fjöllum en þó virðist fjallamennska enn vera talið karllægt áhugamál. Þetta viðhorf er á margan hátt sjálfsskapað og teljum við mikilvægt að uppfæra það enda getur samfélagið okkar bara batnað með aukinni flóru. Allar greinar blaðsins eru skrifaðar af stelpum og í þeim geta allir fundið sér fyrirmyndir til að leita að sínu eigin frelsi á fjöllum – hvort sem það er frelsi frá kynbundnum væntingum eða bara þetta óútskýranlega og algjöra frelsi sem við sækjumst öll eftir.

Fyrir hönd ritstjórnar, Þorsteinn Cameron

Efnisyfirlit

Klifur í Wales <i>Ingunn Ósk Árnadóttir</i>	bls. 04	Mansal í kjölfar jarðskjálftans í Nepal <i>Áslaug Ellen G Yngvadóttir</i>	bls. 57
Tæpar og misheppnaðar fjallaferðir <i>Rakel Ósk Snorradóttir</i>	bls. 10	Viðtal við Nungshi og Tashi Malik	bls. 62
Ljósmyndakeppni ÍSALP 2016	bls. 16	Ævintýri Skíðaróna í Chamonix <i>Bryndís Bjarnadóttir & Sólveig V. Sveinbjörnsdóttir</i>	bls. 66
Skarkali í Skarðsheiðinni <i>Katrín Möller</i>	bls. 26	Áramót í Ölpunum <i>Heiða Jónsdóttir & Sigríður Sif Gylfadóttir</i>	bls. 78
Af börnum og klifri <i>Manúela Magnúsdóttir</i>	bls. 32	Starfsemi ÍSALP 2016	bls. 86
El Potrero Chico <i>Elín Lóa Baldursdóttir</i>	bls. 40	Annáll íslenskrar fjallamennsku 2016	bls. 90
Everest <i>Vilborg Arna Gissuradóttir</i>	bls. 48		

Ritnefnd ársrits

Helgi Egilsson
Þorsteinn Cameron
Sigurður Ragnarsson

Umbrot/Hönnun

Ingi Kristján Sigurmarsson

Prentun

Prentmet

Forsíðumynd

Björgvin Hilmarsson

Verðlaunamynd ljósmyndakeppni Ísalp 2016 í Ísklifurflokki

Texti og myndir: Ingunn Ósk Árnadóttir



Klifur í Wales

Í sumar var ég svo heppin að vera fulltrúi Íslands á alþjóðlegu kvennaklifurfestivali sem haldið var í Wales. Viðburðurinn var í umsjá klifurfélags sem heitir Pinnacle club og er eingöngu skipað konum.

Svona á að skipuleggja!

Viðburðurinn stóð yfir í viku. Erlendu gestirnir voru 22 og komu frá hinum ýmsu löndum Evrópu auk Japans og Nýja Sjálands. Hver gestur var paraður við klifurfélaga sem þekkti svæðin og félagarnir gátu svo í sameiningu komið sér saman um hvað klifra skyldi hverju sinni. Skipt var um féлага á tveggja til þriggja daga fresti til að gefa sem flestum færi á að kynna. Bresku konurnar voru mun fleiri en erlendu gestirnir. Margar komu til að klifra en aðrar dreif að til að sýna sig og sjá aðra og taka þátt í skipulagningu og sjálfbodavinnu tengdri viðburðinum. Alls komu um 80 konur að viðburðinum með einum eða öðrum hætti. Allar fengu að klifra sem vildu, stundum voru hóparnir þriggja manna eða bresku konurnar voru paraðar saman. Allt skipulag var til mikillar fyrirmyndar

Mynd: Útsýnið úr byrjun Atlantis í sjávarhamrinum

og séð fyrir öllu, svo ég þurfti ekkert að gera annað en að vakna á morgnanna, græja mig og klifra! Á kvöldin voru fyrirlestrar um klifur á hinum ýmsu stöðum í Evrópu, björgunarsveitarkona fjallaði um útköll og aðstæður til björgunar á svæðinu og ein kona gerði grein fyrir rannsókn sinni á kvennaklifri og kvennaklifurmenningu. Á síðasta deginum var skemmtidagskrá og diskótek á eftir. Þegar rigndi var farið yfir akkeri og línuvinnu inni í matartjaldinu, skroppið var í ferð undir leiðsögn í verksmiðju DMM og hægt var að versla í klifurbúðinni með afslætti.

Gist var í Llanberris þar sem Pinnacle club á hús sem leigt er út til féлага og almennings. Llanberris Pass er, eins og nafnið bendir til, heitið á dal sem síðar breytist í fjallaskarð. Skarðið afmarkast meðal annars af fjallinu Snowdown sem er hæsta fjall Wales og liggur innan þjóðgarðs sem ber sama nafn.

Klifur ferðarinnar

Óhætt er að segja að klifur í Wales sé mjög fjölbreytt, en þar er að finna sjö mismunandi bergtegundir á frekar litlu svæði, svona á útlendum skala í það minnsta. Í Wales er sterk hefð fyrir dótaklifri og boltaðar leiðir finnast bara á fáum stöðum, og einstaka boltar í sumum leiðum. Allt klifrið sem fram fór á festivalinu var því dótaklifur. Langflestar leiðirnar voru tvær eða fleiri spannir.

Ég klifraði á sex stöðum í ferðinni, þar af einu upphitunar- og byrjendasvæði sem ekki verður gert grein fyrir sérstaklega. Stundum var byrjað á einum stað fyrir hádegi og klifrað annarsstaðar eftir hádegi til þess að elta besta veðrið. Til allrar lukku var veðurfarið jafn breytilegt og klifurleiðirnar og stutt að keyra úr rigningunni yfir í betra veður.

Llanberris pass

Því miður reyndist lítið vera hægt að klifra í „Passinu“ í grennd við skálann þar sem þar var frekar rigningsamt þessa vikuna. Þegar hann hékk þurr tókst mér að klifra tvær leiðir á svæðinu.



Skálinn í eigu Pinnacle club, matartjaldið og tjaldsvæðið

Fyrsta leiðin sem ég fór heitir *Crackstone rib*, hana klifraði ég ásamt Joe. Joe byrjaði að leiða og gekk vel. Ég leiddi seinni spönnina og var komin svolítið af stað en þá vildi ekki betur til en svo að það byrjaði að rigna. Einhvern veginn tókst mér nú að halda ró minni og var raunar vel stemmd í klifrið, þrátt fyrir að þetta væri fyrsta alvöru leiðin sem ég klifraði í vikunni og ég ekki mjög vön dóti. Einnig fékk ég læk niður ermina og í handakrikann þegar ég greip í eitt gripið, en því hef ég ekki lent í áður. Til mín barst svo öryggi að ofan, nokkrar konur höfðu verið að klifra á sama stað og vorkenndu mér svo mikið að leiða í rigningunni að þær settu upp akkeri og hentu til mín línu. Ég kvartaði ekki, var reyndar hálf fegin... Það var ekki klifrað meira þann daginn vegna rigningar.

Hin leiðin sem ég klifraði í skarðinu heitir *Nea*. Það var hin fínasta leið og aðstæður mun betri en fyrri daginn, sól og blíða. Mikið var um stór grip og kanta og nokkuð auðvelt að koma fyrir hexum og setja borða utan um steina, bomber tryggingar. Ég sameinaði fyrstu tvær spannirnar en klifurfélaginn minn Cath kláraði þriðju spönn þáðan sem við sigum niður. Við slepptum fjórðu spönn.

Á þessu svæði má finna mjög frægar leiðir eins og *Left wall*, *Right wall* og *Cenotaph Corner*.

Slate – námusvæðið

Slate er í íslensku orðabók kallað flöguberg eða skífuberg, og er það réttnefni mikið. Þarna fór fram blómleg námuvinnsla fram undir lok 7. áratugarins. Náman spannar afar stórt svæði og myndar gullfallegt umhverfi blandað af sléttum veggjum og hrundum flögum. Litirnir á veggjunum eru afar fjölbreyttir en þar sem ég var voru þeir dökkir, eiginlega svartir og það glampar á þá í sólarljósi. Grænn gróðurinn, sem ekki er mjög mikið af, skapar ótrúlega miklar andstæður. Svo sannarlega ólíkt því klettaumhverfi sem ég þekki.

Ég var svo heppin að ná að klifra tvær leiðir á þessu svæði. Við vorum sex saman og fórum á „bus stop quarry“ en þangað er varla meira en 5 mínútna gangur frá bílastæðinu. Leiðirnar *Solstice* og *Equinox* voru farnar í þetta skipti, báðar einnar spanna. Leiðirnar krossast skemmtilega á veggnum og auðvitað hitti þannig á að við klifrarir vorum akkurat á sama stað á sama tíma í veggnum svo ég beið róleg á meðan

hin fór hjá. Leiðirnar einkenndust af puttaholum og smáum sprungum, en flögurnar hrundu þó ekki undan mér eins og ég hafði búist við þegar ég horfði upp veginn. Áferð grjótsins er mjög sérstök, það er mjög slípað og hált, og það var til lítills að ætla sér að stíga með skónna í vegginn til að komast upp. Mjög flott reynsla að prófa klifur þarna.

Þetta svæði dregur líka að sér frægar klifurmýs, stuttu fyrir mína komu hafði Alex Honnold hlaupið þarna um vegg og klifrað með Gilly, sem er meðlimur í klúbbum og tók þátt í mótinu. Margar kvennanna gerðu góða hluti á þessu svæði í vikunni.

Holyhead mountain

Þangað fór ég sitthvorn daginn. Hamrarnir eru úr kvarsíti og hvítir að lit, svo hvítir að það er stutt í ofbirtu á góðum degi. Ég fór þó ekki í sömu hamrana báða dagana og með mismunandi klifurfélögum. Nokkur munur var á hömrnunum, í öðrum voru leiðirnar lóðréttar en hinum meira afláandi, kannski 60-70 gráður. Annan daginn var sól og blíða og þrýðilegur dagur, sólgleraugun voru varla tekin niður. Þar elti ég leiðirnar *Tension* og *Black and Tan*. Þær buðu upp á svolítið yfirhang, traversu, sprungugrip en juggara inn á milli. Fjölbreyttar og góðar leiðir með góðum tækifærum til að tryggja. Einnig leiddi ég leiðina *The Elephant's Arse*, sem var undarleg, bæði þurfti að troða sér í gegnum mjög þrönga sprungu og svo spranga í víðri sprungu, frekar sérstakt allt saman en auðvelt að koma inn tryggingum.

Seinni daginn var veðrið ekki eins gott. Það byrjaði svosem ágætlega, skýjað en logn. Þegar leið á klifrið tók vindurinn sig upp og bera fór á þokuslæðingi með tilheyrandi kulda. Mér fannst ég vera á heimavelli í þessum aðstæðum enda ýmsu vön að heiman, puttarnir náðu ekki að dofna neitt að ráði svo ég kvartaði ekki. En það gerðu allar hinar konurnar þegar málin voru rædd að kvöldi. Þótti þetta hið versta skítaveður. Þrátt fyrir allt voru farnar þrjár leiðir þennan daginn, allar einnar spanna. Ein hét *Primrose*, bókhaldið klikkaði



Klifrað í Crackstone rib, það var smá rigning

og hef ég ekki nöfn hinna tveggja, en þær voru allar hin finasta æfing fyrir leiðsluklifur enda mikið um kanta og góð grip og sprungur sem buðu upp á góð tækifæri til trygginga.

Í grennd við þetta svæði má finna hina sigildu leið *A Dream of White Horses*. Leiðin liggur skammt fyrir ofan sjávarmál og er löng traversa. Þykir einkar falleg og skemmtileg leið en nokkuð varasöm þar sem oft er töluverð fjarlægð á milli trygginga. Einhverjar konur náðu að fara þessa leið í vikunni.

Sjávarhamrarnir – Gogarth South Stack

Sjávarhamrarnir eru rétt hjá Holyhead Mountain og eru líka úr kvarsít, en liturinn er meira út í brúnt og eru augljós jarðlög í hamrinum. Síga þurfti niður um 60 metra til að byrja klifrið, stundum var ansi stutt í sjóinn. Mikil fótavinna einkenndi klifrið þarna því handfestur voru ekki allaf miklar og voru þá í formi lítilla puttahola eða smárra sprungna, en einnig mátti notast við stóra kanta. Tækifærin til að tryggja voru misgóð og var því stundum svolítið langt á milli trygginga. Þessi staður var mjög frábrugðinn hinum, mér fannst

aðstæður nokkuð framandi og var því afar kát með klifrið þarna. Veðrið lék við hvern sinn fingur og gullfallegt að sjá glampa á sjóinn og klettavegginn í sólskininu.

Við Nikki klifruðum þrjár leiðir í hamrinum, þær *Pel* og *Rap* og svo fyrri spönn *Atlantis* en færðum okkur yfir í seinni spönn *Rap*. Um 10 konur voru samankomnar í veggnum þennan daginn og glatt á hjalla, einnig slæddust tveir karlmenn inn í hópinn.

Hamrarnir Yellow Wall, Red Walls og Mousetrap Zawn eru á þessu svæði en leiðirnar þar þykja með þeim tilkomumeiri í Bretlandi.

Tremadog og ströndin

Tremadog er langur og aðgengilegur klettaveggur úr dólerti og eru leiðirnar allt að 70m langar. Þarna klifraði ég með Hazel sem er komin á sjötugsaldurinn en enn í fullu fjöri. Við fórum leiðirnar *Merlin* (þrjár spannar) og *Yogi* (tvær spannar). Hazel var mjög góður kennari og fór fram á að ég leiddi allt til að æfa mig, sem var góð hvatning. Í Tremadog er að finna, eins og á öllum hinum stöðunum, margar mjög frægar

og flottar leiðir, svosem leiðirnar *Strawberries*, *Dream Topping*, *Cream* og *One Step in the Clouds* svo fátt eitt sé nefnt. Þær þrjár fyrstnefndu voru klifraðar af þátttakendum á festivalinu í vikunni.

Við vorum þarna á síðasta degi og klifurþreytan farin að segja aðeins til sín. Sól skein í heiði og við vorum fjórar sem ákváðum að slá þessu upp í kæruleysi og klifra smá á ströndinni. Það varð úr að við æfðum okkur í að þvera vegginn, sem var ekki mjög hár en bauð upp á þrýðis jafnvægis-hreyfingar. Mér fannst fínt að slá botninn í klifur vikunnar á ströndinni.

Kvenhetjur í klifri

Konurnar sem ég kynntist í ferðinni veittu mér mikinn innblástur. Það var margt í sambandi við klifrið þeirra sem mér fannst hreinlega aðáunarvert. Fyrir það fyrsta fannst mér bresku konurnar eiga það sameiginlegt að þekka klifursvæðin mjög vel og muna ákveðnar leiðir og hreyfingar í smáatriðum. Ljóst var að flestar höfðu klifrað mjög mikið og þótti svo vænt um leiðirnar að þær mundu þær í þaula. Einnig dáðist ég að dótafimi þeirra. Þar sem ég lærði sjálf að klifra í boltuðum



Leiðirnar í Slate



Hin undarlega The Elephant's arse í Holyhead mountain Útsýnið upp sjávarhamarinn

leiðum fannst mér konurnar vera algjörir naglar þegar kom að því að leiða með dótið eitt að vopni. Það sem jók aðdáun mína enn frekar og veitti mér hvað mestan innblástur var þó hið breiða aldursbil kvennanna á hátíðinni því þáttakendurnir voru allt frá tvítugu upp í áttætt og rúmlega það. Í eldri hópnum voru konur sem sváfu í tjaldi og leiddu fjölbreyttar dótaleiðir. Mér fannst dásamlegt að sjá þennan eldri hóp taka þátt í klifri og þetta gaf mér skýra sín um að „svona eldri borgari vil ég verða!“. Ég átti samtalið við konu sem byrjaði að klifra þegar hún var fimmtug, þar sem hún komst ekki í það fyrr, en var hvergi nærri hætt. Sjá má af þeim í Wales að maður er aldrei of gamall til að sinna áhugamálu sínum, sama hver þau eru. Mér fannst dásamlegt að vera í kringum þessar konur sem allar eiga það sameiginlegt að elska klifur og stunda það eins oft og þær geta.

The Pinnacle club

The Pinnacle Club var stofnaður árið 1921 af Emily Kelly. Hún og maðurinn hennar voru meðlimir í the Fell and

Rock Climbing Club (FRCC) en henni fannst andrúmsloftið þar of karllægt og stofnaði því Pinnacle club, sem frá upphafi var eingöngu ætlaður konum. Markmiðin með stofnun Pinnacle club voru að stuðla að sjálfstæðri þróun klífurs meðal kvenna og að skapa klífurvettvang fyrir áhugasamar konur. Í Wales er löng hefð fyrir klifri og hlutur kvenna var fremur rýr í þeirri sögu framan af. Það þótti sjálfsagt að konur tryggðu mennina sína í klifri án þess að klifra sjálfar þar sem það þótti of erfitt og vafasamt fyrir þær. Tímarnir breyttust svo auðvitað eins og stofnun Pinnacle club bendir til. Meðlimirnir eru núna um 160 og haldnir eru um 30 fundir á ári á hinum ýmsu klífursvæðum viðsvegar um Bretland þar sem félagarnir klifra saman eftir aðstæðum og áhuga, eða stunda aðra afþreyingu yfir vetrartímann. Megináhersla er lögð á dótaklifur og gerð er krafa um að meðlimirnir geti leitt dótaleiðir á öruggan hátt og séu fjallavanar.

Að leiðarlökum

Segja má að svona stórt alþjóðlegt mót kvenklifrara sé í raun merkisatburður og vel til þess fallinn að auka umtal og styrkja konur í klifri. Það ber að hafa í huga að víða erlendis eru konur ekki metnar að verðleikum í klifri og upplifa fordóma í klífurveggjum. Það vakti óneitanlega athygli annara gesta á klífursvæðunum að konur færu þar um í hópum og þegar leið á vikuna hafði frétt af mótinu hvert sem maður fór, sem var mjög skemmtilegt.

Eftir vikuna er mér þakklæti efst í huga, ég er þakklát öllum konunum í klúbbum sem stóðu að skipulagi mótsins, lánuðu tjöld og dýnur og sáu til þess að lífið snérist eingöngu um klifur og gleði í heila viku. Einnig er ég afar þakklát ÍSALP fyrir þátttökuna í viðburðinum, án þeirrar aðkomu hefði ég aldrei frétt af mótinu. Takk fyrir mig!



Texti og myndir: Rakel Ósk Snorradóttir

Frásagnir af tæpum og misheppnuðum fjallaferðum



Á mínum stutta en fjölbreytta fjallamennskuferli hef ég upplifað mínar bestu stundir en einnig komist í hann krappann. Sem fjallamaður er markmið mitt að sjálfsgöðu að verða sífellt betri í því sem ég tek mér fyrir hendur en það vill henda að manni mistekst, maður misles aðstæður, tekur rangar ákvarðanir og ofmetur eigin getu. Til að forðast alvarlegar afleiðingar hef ég kappkostað að sækja mér reynslu, námskeið og læra af reyndari fjallamönnum í gegnum tíðina. Hér eru frásagnir af nokkrum tæpum og misheppnuðum fjallaferðum sem ég hef farið í.

Vetur 2011

Áslákur

Um miðjan vetur árið 2011 ákváðum við Eiríkur F. að skella okkur í kvöldklifur í Áslák í Kjós. Við lögðum af stað úr bænum eftir vinnu og byrjuðum að ganga að leiðinni í birtuskilum. Mér hafði líðið eitthvað skringilega um daginn og reyndi að finna allar ástæður til þess að sleppa klifri þetta kvöld. Ég ákvað samt að fara og við byrjuðum að klifra þegar farið er að rökkva. Eiríkur leiddi klifrið enda var ég með einhverja ónotatilfinningu. Vanalega höfðum við farið vinstra megin upp fossinn en okkur langaði að prófa að fara hann örlítið hægra megin í þetta skiptið.

Eiríkur kemur inn nokkrum skráfum og er kominn rétt fyrir ofan miðjan fossinn þegar hann á í einhverjum erfiðleikum með að koma öxunum inn. Þegar hann kemur þeim loksins inn, fípast hann, rennur af öxunum og steypist á ógnarhraða til jarðar. Hann var kominn fulllangt fyrir ofan síðustu skráfu og ég sé að fallið mun verða langt, jafnvel alla leið til jarðar. Á meðan Eiríkur steypist til jarðar næg ég að taka inn slatta af

slaka úr línunum, þar til ég veit að það er komið að mér að skjótast í vegginn. Ég hafði ekki tryggt mig fyrir neðan fossinn. Hægt og rólega, þó eflaust heldur hratt, hendist ég í vegginn á sama tíma og línan grípur Eirík.

Það líður smá stund þar til við áttum okkur á þessu, en þá tókum við eftir því að Eiríkur hangir í línunni einungis 30 sentimetra fyrir ofan ísbunka undir



fossinum. Það hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum hefði hann fallið alla þessa leið með höfuðið á undan.

Sem betur fer er allt í góðu með okkur bæði og við ákveðum að drífa okkur í bæinn og fara snemma daginn eftir og sækja axirnar hans Eiríks, en við vorum ekki stemmd til þess að klifra meira þetta kvöldið.

Febrúar 2014

Eilífsdalur

Í febrúar 2014 kíktum við Danni félagi minn í ísklifur í Eilífsdal. Við höfðum aldrei klifrað í Eilífsdal áður en stefndum á leiðina Einfarann. Við fórum af stað úr bænum vitandi að það væri stormviðvörðun seinni partinn en við ætluðum að vera löngu komin niður fyrir þann tíma. Gangan inn dalinn gekk hægar en við bjuggumst við en það hafði snjóað mikið dagana á undan, þannig að við óðum hnédjúpan snjó alla leiðina upp að Einfaranum.

Þegar undir leiðina var komið litum við á klukkuna og reiknuðum út að við myndum sennilega ná að klifra leiðina áður en veðrið myndi skella á en gætum mögulega lent í að þurfa að ganga til baka í stormi.

Klifrið byrjaði vel en veðrið var fyrr á ferðinni en við gerðum ráð fyrir. Okkur langaði ekki að snúa við úr leiðinni og tókum því ákvörðun um að halda áfram og klára klifrið. „Ótrúlega leiðinlegt að síga úr miðri leið“ var okkar hugarfar þessa stundina og maður þarf jú að klára fyrst maður er kominn alla þessa leið.

Ég leiddi síðustu spönnina en sökum stormsins sem blés 35 metra á sekúndu beint yfir okkur átti ég erfitt með að

sjá og flækti línuna í síðasta tvistinum þannig að mér leið alltaf eins og Danni væri að toga mig niður. Ég fattaði ekki að niðurklifra að tvistinum og laga flækjuna enda langaði mig bara að komast upp. Þegar ég var farin að klifra í snjó sá ég að hengjan fyrir ofan leiðina var mun stærri en við máttum fyrir neðan leiðina. Við tóku einhverskonar hengjufaðmlög og mokstur með flækta línu en ég vissi í raun ekkert hvað ég var að gera og ég var óratíma á leiðinni upp. Danni beið óþreyjufullur í stansinum fyrir neðan að krókna úr kulda og þegar ég hafði komið fyrir akkeri uppi á topp hafði Danni gefist upp á biðinni og var byrjaður að klifra. Ég dró því stanslaust inn slaka þar til ég sá Danna í snjóköfi á brúninni. Með frosna grettu á andlitinu og frosna fingur skreið hann til mín þar sem hann átti erfitt með að standa í veðrinu, gaf mér high-five og svo hentum við öllu í pokann og fórum að leita að niðurléið.

Við föttuðum þá að við höfðum ekki hugsað út í leið niður. Við vorum of upptekin af spjalli þegar við gengum inn dalinn og þetta var jú í fyrsta skipti sem við klifruðum í Eilífsdal og ekki sérlega staðkunnug í dalnum.



Veðrið fór versnandi og blés úr austri og tilhugsunin um að ganga upp í vindinn var afleit. Við mundum samt eftir stað eilíftið austar þar sem við gætum skotið okkur niður. Við ákváðum að ganga til vesturs undan vindi en ég mundi óljóst eftir stað þar sem hægt væri að stinga sér niður á næsta hrygg.

Við gengum eftir GPS tæki á toppnum í kálfadjúpum snjó og veðrið var farið að versna til muna. Í verstu hviðunum fengum við ísklumpa í bakið, fældumst undan veðrinu og stóðum nokkrum sinnum hársbreidd frá bjargbrún sem vindurinn hefði auðveldlega geta feykt okkur niður og ætluðum aldrei að finna færa leið niður.

Við vorum orðin ansi pirruð, svöng og köld, þannig að við ákváðum bara að ganga niður í Blikdal þar sem vorum bæði staðkunnug.

Klukkan tvö um nóttina skiluðum við okkur niður á þjóðveg eftir 16 tíma „stutt“ klifurferðalag. Bæði með kalbletti um allan líkamann og snjó í öllum vösum og vitum.

Vor 2015

Tindfjöll

Vorið 2015 fóru undanfarar og -rennur í Hjalparsveit skáta í Garðabæ í ferð í Tindfjöll. Við vorum þrír undanfarar sem ákváðum að klifra Tindinn eða Einbúa í Tindfjöllum; ég, Ági og Gísli. Á meðan skelltu undanrennurnar sér á Hornklofa.

Ferðin upp að Einbúa og klifrið sjálf er svo sem ekki frásögur færandi en við ferðumst frá skála Ísalp á fjallaskíðum. Á leiðinni til baka fór að þykkna upp og vorum við þrjú nokkrum tímum á eftir undanrennunum á leiðinni niður í skála. Við sáum ekki handa okkar skil þegar við ákváðum að taka upp GPS tæki. Þrjú tæki voru með í för en tvö þeirra voru batteríslaus og það þriðja næstum því tómt. Við hlógum að þessu og gerðum okkar besta til að fylgja tækinu aftur í skálann, að minnsta kosti eins lengi og batteríð entist.

Þar sem við vorum orðin heldur lúin í fótunum langaði okkur að renna sem mest en skíðafærið var ekki framúrskarandi, þannig að við vorum heldur ekki að leita að bröttustu leiðinni að skálanum. Við ákváðum að stytta okkur leið niður gil sem liggur til vesturs frá skálanum. Þegar við byrjuðum að renna okkur niður í gilið sáum við Gísli ummerki um nýlega fallin snjóflóð. Við vorum sennilega orðin svo lúin að við spáðum ekkert frekar í því heldur skíðuðum örlítið lengra inn gilið. Skyndilega heyrðum við ótal sprengihljóð og áttuðum okkur á því að það var veikt lag í snjóþekjunni. Þar sem skyggnið var ekki upp á marga fiska áttuðum við okkur ekki alveg á aðstæðunum sem við vorum að koma okkur í en gilið var skólabókardæmi um landslagsgildru fyrir snjóflóð og öll rauð flögga á lofti. Ági orðaði það pent, sagði að við ættum að drulla okkur til baka

og í örlitilli geðshræringu náðum við að hlaupa á skíðunum upp úr gilinu aftur og fylgja hrygg til suðurs. Við sáum glitta í nokkur fersk flóð sem við höfðum hleypt af stað.

Við gátum í raun ekki gert annað en að hrista hausinn yfir þessu en það var klárt að við lásam ekki viðvörðunarkerkin þrátt fyrir alla okkar reynslu í fjallamennsku og menntun í snjóflóðafæðum. Þar hafði þreytan spilað stórt hlutverk enda var dagurinn búinn að vera langur.



Sumar 2015

Gangan yfir landið

Sumarið 2015 gekk ég yfir Ísland frá Skógum til Siglufjarðar. Ferðin var tíðindalítill þar til að ég kom á Tröllaskaga. Eiríkur F. gekk með mér frá Hólum til Siglufjarðar ásamt hundinum Atlasi og völdum við okkur hluta af leið í gegnum fjalllendið frá Kolbeinsdal að Fljóttum er kallast Há kambaleið.

Eins og flestir vita var veturinn 2015 heldur harður og mikill snjór var á hálendinu og Tröllaskagi var þar engin undantekning. Planið var að ganga frá Kolbeinsdal í Fljót á einum degi og koma niður Móafellsdal. Uppi í fjöllunum óðum við snjó og ekki lítið af honum og skyggnið var ekkert þannig að allan daginn gengum við eftir GPS tæki.

Þegar við vorum komin að Hákömbum sáum við okkur leik á borði og í staðinn

fyrir að þrila upp hrygginn ætluðum við að halda okkur fyrir neðan klettahaftið og þvera snjóbrekkuna þar undir.

Við byrjuðum að ganga meðfram klettahaftinu og sáum ekkert athugavert við snjóalögin. Hundurinn skoppaði í kringum okkur en allt í einu rúllaði hann niður brekkuna með um tveggja metra breiðu lausasnjóflóði. Hann náði að koma sér undan flóðinu en við stoppuðum og máttum aðstæðurnar. Það birti örlítið til og við sáum að utan í Hákömbum höfðu nýlega fallið nokkur flóð. Við ákváðum að snúa við en þá fór brekkan undan okkur. Við náðum að komast aftur upp undir klettabeltið og reyndum að finna einhverja leið út úr brekkunni. Við þurftum samt að þvera brekkuna örlítið lengra til þess að komast upp á topp. Eftir nokkur skref

byrjuðu mjög háværar sprengingar um allan dal en verandi í sumarferð vorum við ekki beint að þæla í snjóflóðabúnaði og það hvarflaði ekki að okkur að hætta væri á ferð. Við vorum sem betur fer stóð við klettinn þar sem við gátum komið okkur upp og þurftum að moka okkur í gegnum stóra hengju. Þegar á toppinn var komið birti aftur til og þá sáum við að allur dalurinn var á hreyfingu í stórum lausasnjóflóðum.

Ýmsan lærdóm hef ég dregið af mínum fjallamennskuferli. Bæði af misheppnuðum ferðum, sem eru jú alveg nokkrar og svo einnig ferðum sem hafa endað vel. Sifellt minnir hugtakið „*Good decisions come from experience, and experience comes from bad decisions*“ á sig en sem betur fer eru farsælir fjalladagar fleiri en þeir tæpu.



Ljósmynda- keppni ÍSALP

— 2016 —

Ljósmyndakeppni ÍSALP er orðinn fastur liður í útgáfu ársritsins. Myndir geta oft sagt meira en mörg orð og á það vel við um þær myndir sem birtast hér. Keppnisflokkar ársins voru *Klifur*, *Skíði* og *Mannlíf á fjöllum*. Dómari keppinnar í ár var Lukasz Warzecha (www.lwimages.co.uk), einn fremsti klifur- og útivistar ljósmyndari Bretlands. Auk þess að velja sigurmyndirnar í hverjum flokki var Lukasz beðinn um að velja eina mynd sem stóð upp úr fyrir forsiðu blaðsins. Því miður hentaði hún ekki fyrir umbrotið og því er sigurmyndin úr Klifurflokknum á forsiðunni. Allar myndir sem sendar voru inn í keppnina verða birtar á vefsíðu ÍSALP en þar að auki fá nokkrar myndir sem báru af að njóta sín á milli greina í blaðinu.



Skíði – fyrsta sæti: Björn Ingason



Skíði – annað sæti: Eiríkur F. Sigursteinsson



Skíði – þriðja sæti: Eiríkur Örn Jóhannesson



Klifur - annað sæti: Björgvin Hilmarsson



Klifur - þriðja sæti: Björgvin Hilmarsson



Mannlíf á fjöllum - fyrsta sæti: Björgvin Hilmarsson



Mannlíf á fjöllum – annað sæti: Björgvin Hilmarsson



Mannlíf á fjöllum – þriðja sæti: Þorsteinn Cameron

Texti: Katrín Möller
Myndir: Katrín Möller og Ottó Ingi Þórisson

Skarkali í Skarðsheiðinni



Katrín bröltir upp snjóhengjuna á toppi Heiðarhorns

Veturinn 2008-2009 fékk ég fyrsta nasapefinn af ísklifri. Gulli og Skabbi vildu kynna okkur Hönnu Lilju fyrir fossaklifri, enda höfðum við stöllum bara prófað að höggva smá í skriðjökla fyrir þann tíma. Dagurinn byrjaði mjög óvænt á því að ég velti bílnum mínum í hálkunni á Mosfellsheiði en eftir að hafa dregið hann heim fékk ég samt grænt ljós á að bruna upp í Kjós þar sem átti að klöngrast upp Spora. Klifrið, ef kalla mátti það, var öðruvísi en ég bjóst við, einungis þykkt lag af snjó sem beið okkar og því ekki mikið hoggvið í is þann daginn. Það var samt einhver neisti sem sat eftir, einhver ævintýraþrá sem þetta svokallaða ísklifur virtist uppfylla.

Næstu árin klifraði ég þó nokkuð mikið, bæði í is og klettum, kynntist því hvað þetta sport reynir ekki bara svakalega á líkamann heldur líka á hausinn. Ég hef átt í smá basli við að halda andlegu hliðinni góðri í klettklifrinu, leyfi mér að gefast upp þegar mikið reynir á.

Á einhvern undarlegan hátt nær ég meiri stjórn á hugsunum í ísklifrinu. Mögulega vegna þess að maður dettur í svona „að duga eða drepast“ hugarfar, það er í raun ekkert í boði að gefast upp eða hætta við. Ísklifrið dregur þar af leiðandi fram mína sterkustu hlið og fær mig til að gera meira en ég tel mig geta gert.

Vorið 2015 fór ég tvær frábærar ferðir í Skarðsheiðina, aðra með Védísi og Raket þar sem við klifruðum norðurhliðina á Skessuhorni, hina með Ottó upp leiðina JókaPóka norðanvert á Skarðshorninu. Maður er eins og barn í nammibúð þegar kemur að Skarðsheiðinni, úr nógu er að velja. Ég ákvað strax um sumarið að mig langaði að endurtaka afrek Palla Sveins og Guðmundar Helga frá 1993 sem Robbi og Siggí Tommi endurtóku 2008; að klifra Jónsgil í Heiðarhorni, Dreyra í Skarðshorni og Skessuþrep í Skessuhorni, allt á sama degi. Ottó var til í verkefnið, en vegna skrifa á mastersritgerð komst ég ekki í leiðangurinn fyrr en síðustu helgina í

apríl. Ísinn hafði verið góður framan af vetri og dagarnir orðnir lengri og töldum við góðar líkur á því að hægt væri að klára verkefnið þessa helgi.

Kakóið var nýkomið í hitabrusann þegar Ottó sótti mig eldsnemma á laugardagsmorgni. Það var svalt úti svo ég kippti dúnúlpunni með á síðustu stundu. Við brunuðum í átt að Borgarnesi en sáum fljótlega að það hékk þungur skýjabakki yfir fjöllum, Skarðsheiðin var engin undantekning þar á. Hvorugt okkar hafði klifið Heiðarhornið áður og því kom smá bakslag þegar við vorum komin inn norðanverða Skarðsheiðina og þykk þoka lá yfir öllu. Með hjálp internetsins og frásagna annarra af því hvar leiðirnar upp Heiðarhornið lágu gátum við sirkað út hvar uppgönguleiðin hófst.

Við vorum ekki fyrr stigin úr bílnum þegar skýjahulan lyftist og Heiðarhornið birtist okkur í allri sinni dýrð. Við þeyttumst af stað, vorum komin undir Jónsgil um sjöleytið og sáum skýrt hvernig leiðin lá. Sem var ágætt því korter eftir að við byrjuðum klifrið lagðist skýjabakkinn aftur yfir og lítið sýnilegt útundan manni. Einhver góðvinur hafði talið okkur trú um að Heiðarhornið yrði auðveldast af tindunum þremur, en auðvelt var það ekki, eflaust „bara í þannig aðstæðum“. Þokkalega brött íshöft með löngum snjóbrekkum á milli og næstsíðasta spönnin var svo mikið frauð að eina leiðin til að fíkra sig ofar var að nýta slétt klettafés með einni aumri sprungu til að krækja öxunum í og stiga út í þunnu frauðskelina sem hékk utaná klettunum við hliðina. Ekki séns að tryggja nokkurn skapaðan hlut nema í þessa aumu sprungu og ekki fyrir

hugleysingja að smokra sér þarna upp. Síðasta spönnin var svo blanda af snjóbrekku og frauðis-hengju sem Ottó gróf sig fimlega í gegnum. Klukkan var um hálf ellefu þegar við komum loksins á toppinn á fyrsta tindinum. Ennþá á áætlan, en þó nokkuð minna bensín á tankinum en gert var ráð fyrir í planinu.

Þokan hékk ennþá yfir Heiðinni og því var ómögulegt að sjá hvar niðurgöngugilið vestan við Skarðshornið var. Sem betur fer var Ottó með feril í GPS tækinu síðan fyrr um vorið sem hægt var að elta, en í staðinn fyrir að rölja á jafnsléttunni fyrir neðan hrygginn milli hornanna fengu ökkklarnir að kenna á því í hliðar-hallanum, því við sáum ekki glóru. Niðurgöngugilið var snarbratt og best var að ganga afturábak niður með axirnar í brekkunni. Við beygðum niður fyrir klettarann á Skarðshorninu og tókum stöðuna. Neðsti hluti Dreyra var orðinn mjög þunnur en Sóley var í betri aðstæðum svo við ákváðum að Ottó myndi klára fyrstu spönnina og halda áfram á hlaupandi tryggingum ef aðstæður leyfðu. Við enduðum á

því að klifra meira en 20 metra af mjög tæknilegu og bröttu klifri á hlaupandi tryggingum. Þökk sé talstöðvunum gat ég þó beðið Ottó um að skella inn einu akkeri áður en ég færi að klifra 15 metra hliðrun út fyrir eitthvað ísnes sem bauð uppá svaka flotta sveiflu ef eitthvað hefði gefið sig.

Eftir 90 metra samfelld krefjandi klifur var skrokurinn aðeins farinn að láta í sér heyra. Það var komið að mér að leiða aðra spönn svo ég drakk vel af Poweraid og fékk mér múslistykki og orkugel til þess að vera í toppstandi fyrir klifrið. Spönnin byrjaði á léttu 8 metra WI3 hafti en ísinn virtist vera byrjaður að morkna þó nokkuð mikið í þessari hæð. Ég smokraði mér upp hægra megin við Ottó, fyrst einn, svo tvo metra upp. Ég ætti kannski að setja inn tryggingu hér. En við erum á hraðferð, klifrið er létt og ég vil ekki þreyta mig óþarflega mikið svo ég ákveð að klifra tvo metra í viðbót, þar er smá syla sem hægt er að standa vel á og virðist vera heillegur ís til að skrúfa í. Mistök! Ég er alveg að verða komin á þessa finu sylu og athyglin er



Katrín á síðasta stans dagsins undir toppi Skarðshorns



Það er leyfilegt að renna sér niður á rassinum þegar maður er fótbrottinn

ekki alveg þar sem hún á að vera, tek út vinstri öxina til að höggva ofar þegar vinstri fótfeitan gefur sig. Ísinn er svo morkinn að þyngdin sem hægri hliðin fær snögglega á sig er of mikil og ég er allt í einu í lausu lofti. Fyrst gerist allt í slowmotion, ég sé Ottó nálgast meðan það sekkur inn hvað hafði gerst. Svo gerist allt hratt og áður en ég veit af er ég lent við hliðina á Ottó, þar sem ég snýst við og renn með hausinn á undan niður bratta snjóbrennkuna. Mér sýnist dótíð á beltinu mínu splundrast af mér, ég rígr-held í axirnar og reyni að snúa mér en ekkert gengur og að lokum kippir línin í mig og ég stoppa.

Ég held að hjartað hafi stöðvast í smá stund. Það kikkaði þó inn af krafti þegar ég áttaði mig á því að ég var alveg stopp, hangandi á hvolfi í línunni rétt fyrir ofan snarbratta klettana. Ég tók nokkrar sekúndur í að átta mig en stend fljótlega upp. Það sem kom mest á óvart var að það sem þaut í gegnum hugann þarna þegar ég byrja að skröla aftur til Ottó er „þetta var nú samt ekki verra en

þetta.“ Í einhverri vímu ætlaði ég mér strax aftur af stað, en þegar ég lyfti upp öxunum skulfu hendurnar svo mikið að ég klippti mér í akkerið og tók smá pásu. Þegar adrenalín-kikkið tók að renna af mér varð mér ljóst að eitthvað hafði farið úrskedis í ökklanum. Hálf bitur það ég Ottó um að leiða spönnina og náði svo að klöngrast yfir brattasta kaflan án mikilla vandræða. Þarna var ég sérstaklega þakklát fyrir dúnúlpuna mína, svitabaðið og stressið yfir fallinu gerði mann skítaldan. Síðasta spönnin fyrir frauðtoppinn á Skarðshorninu var löng snjóbrenka með smá íssköflum inn á milli. Einhver þrjóskupúki hellti sér yfir mig og ég heimtaði að taka þessa síðustu, klára með smá reisu. Í stuttu máli: lengsta og líklega erfðasta spönn sem ég hef farið, andlegir og líkamlegir kraftar alveg uppunir og ökklinn lét heyra í sér í hverju skrefi. Greið Ottó fékk tvær ísaxir niðurnegldar í harðpakkaðan snjóinn sem tryggingu en honum var orðið svo kalt eftir alla biðina að hann skokkaði upp án þess að skeyta mikið um línuna hvort eð er.

Þarna var orðið nokkuð ljóst að ævintýri dagsins var búið, ökklin var ekki í neinu standi til þess að klifra Skessuhornið líka. Við tókum góða nestispásu og skelltum svo upp akkeri efst í niðurgöngubrennkunni svo ég gæti sigið niður brattasta kaflan. Það tók 3,5 klukkutíma að skröla að bílnum aftur. Ottó nýtti tíman vel og fann snjóhælinn sem hafði flogið af mér í fallinu en það tapaðist ein ísskrúfa, mögulega eitthvað meira. Preytt en mjög ánægð með daginn rúlluðum við svo í bæinn aftur. Ég stóð föst á því að ég hefði bara tognad en röntgenmyndataka á mánudeginum sýndi að vólubeinið í ökklanum hafði brotnað. Ég var því sett í gips og mátti gjöra svo vel og hoppa um á einum fæti næstu tvo mánuði. Sumrið var því notað í endurhæfingu á líkama og sál, með þolinmæðina eina að vopni. Í dag er ég farin að ganga nokkuð eðlilega, að mestu sársaukalaust. Ég get ekki beðið eftir að það byrji að kólna aftur, spenntari fyrir ísklifrinu en nokkru sinni fyrr og stefni á að klára þetta mission sem allra fyrst!



Ottó og Katrín eituhress á toppi Heiðarhorns



Sneiðmynd af vólubeininu sýndi þetta ansi myndarlega brot

LEYNIVOPN.IS

„HVERN EINASTA DAG FRÁ ÞVÍ AÐ ÉG MAN EFTIR MÉR“

ALFRED FINNBOGASON
LANDSLÍÐSMAÐUR Í KNATTSPYRNU




LEYNIVOPN ÞJÓÐARINNAR



Texti og myndir: Manúela Magnúsdóttir

Afbörnum og klifri



Það er alltaf gaman að fá að toga niður línuna eftir að pabbi og mamma eru búin að klifra

Nýbakaðir klifurforeldrar óttast mörg hver að að þau þurfi að henda klifurdótinu sínu innst í geymsluna því að nú verði ómögulegt að halda áfram þessum svokallaða „klifurlífsstíl“ með tilheyrandi ferðalögum og klukkustundum eyddum í kragganum, langt frá leiktækjum og krakkadóti. En eins og dæmin sanna er allt hægt með smá skipulagningu. Sem foreldrar rauðpunktum við kannski ekki okkar erfðustu leiðir með börnin meðferðis en það er vel hægt að klifra, ferðast og fyrst og fremst hafa gaman í kragganum með börnin sín með sér. Klifur er hin fullkomna fjölskylduþrótt þar sem að allir eru á sama staðnum og yfirleitt er hægt að finna klifurleiðir sem henta hverjum og einum innan sama svæðis. Við fjölskyldan höfum farið í tvær klifurferðir eftir að strákurinn okkar fæddist, annarsvegjar í tveggja mánaða ferð til Korsíku og Frakklands árið 2013 og svo til Kalyrnos tveimur árum seinna. Í Korsíku var hann aðeins 6-7 mánaða gamall sem var mjög góður aldur til að fara í slíka ferð þar sem hann var ekki enn farinn að hreyfa sig milli staða og lagði sig lengi á daginn. Strax og börnin fara að hreyfa sig meira fer þetta að verða erfðara, þar til þau ná u.þ.b. þriggja ára aldri. Þá eru þau orðin stálpaðari og eiga auðveldara með að ganga og leika sér í ójöfnu undirlagi.

Áður en lagt er af stað í klifurferð með börnin er mjög gott að skoða vel þau klifursvæði sem í boði eru með tilliti til afþreyingar í grennd, aðgengi að sektorum og hvort hægt sé að finna svæði sem eru í skugga eða hafa steina

eða gróður sem veita vernd fyrir sólinni. Oft getur verið gott að hafa nóg af öðru til að skoða og gera í grenndinni, strönd er til dæmis alltaf vinsæl. Aðgengi skiptir miklu máli þar sem að bæði þarf að vera auðvelt og hættulaust að komast á svæðið. Það færast í aukana að fjölskylduvæn svæði séu merkt sérstaklega í leiðarvísium og er þá tekið tillit til undirlendis, aðkomu og grjóthruns.

Þegar ákveða á sektor fyrir daginn skiptir máli hægt sé að finna heppilegan stað fyrir „basecamp“. Best er að þar séu leiðir sem að flestir í hópnum geta klifrað þannig að ekki þurfi að færa sig mikið yfir daginn. Yfirleitt fylgir barnaskaranum mikill farangur og tímafremt að taka saman dótið og flytja sig um set.

Fínt er að taka styttra ferðalag til að „prófa“ barnið sitt. Sum börn eiga erfitt með að vera ekki heima hjá sér og eiga ekki gott með að sofa í bíl, svo fínt er að prufukeyra barnið aðeins áður en lagt er af stað í langt ferðalag. Við höfum verið svo heppin að sonur okkar sofnaði við minnsta flakk. Hann ferðaðist með okkur þvert yfir Frakkland á tveimur dögum, 1000 km í akstri og í ferju án neinna vandræða.

Ég myndi þó segja að það mikilvægasta í skipulagningu á klifurferð með börn eru vinirnir og ferðafélagarnir. Vinir gera öll ferðalög betri, en vinir gera ferðalög með börn tífalt betri. Fyrir það fyrsta getur verið mjög þægilegt (og auðvitað skemmtilegra) að hafa fleiri á staðnum,

Því þá eru fleiri á „vaktinni“. Það getur líka verið mjög gott að hafa fleiri með í ferðinni þegar að barnið er ekki tilbúið til að hanga í kragganum eða veðrið er þannig að maður vill síður taka börnin með sér þá getur annar aðilinn í það minnsta klifrað með vinum sínum. Vinir gera allt betra, það er bara þannig.

Mikilvægt er að hafa hóflegar væntingar til klífursins. Ég myndi ekki mæla með því að liggja yfir 8a.nu og skoða allar þær 50 leiðir sem að þú ætlar að klifra í erfðustu gráðunni þinni. Auðvitað er fint að vera búinn að skoða leiðarvísinn vel og merkja inn þær leiðir sem að maður hefur áhuga á að klifra en það fer líka mikill tími í að sinna börnunum og skipuleggja næstu skref. Það sem hefur reynst okkur vel er að hita létt upp og keyra svo í eina missjón leið meðan að barnið sefur, því þá er hægt að æfa sig í leiðinni og skoða krúxin. Hver kannast ekki við að vera búinn að hnýta sig í línuna, kalka, kominn í skóna með 14 tvista danglandi utan á sér og

klippa í fyrsta boltann þegar barnið þarf að kúka?

Til að allir geti notið sin og foreldrar klifrað sem mest er góð skipulagning lyklatríði, líklegast er að maður nái sem mestu klifri út úr deginum sem og fríuna sé það vel undirbúið. Fint er að skipuleggja daginn kvöldið áður, skoða klífursvæðin með tilliti til veðurs og sólar og hvert sé hægt að leita í skjól ef veðrið breytist. Eins og fram kom að ofan er í sumum leiðarvísnum sérstaklega tekið fram hvernig aðkoman að klífursvæðinu er og hvort þar sé barnvænt undirlag eða ekki. Gott er að aðkoman sé ekki of löng og brött og að undirlagið sé þannig að börnin fari sér ekki að voða. Það er góð regla að vera búin undir að þau vilji leggja sig. Við höfum verið með uppblásna stranddýnu sem við komum fyrir í skugga, að því gefnu að ekki sé hægt að keyra upp að leiðunum eða tjalda eins og á Hnappavöllum. Restin er svo foreldrahlutverk 101, passa að

vera með nóg af hollu snarli, halda þeim tempruðum og tæma þvagblöðruna reglulega.

Stundum riðlast þó skipulagið og höfum við nokkrum sinnum þurft að redda okkur fyrir horn með því sem við höfðum meðferðis þar sem barnabúnaður gleymdist. Það er mjög góður eiginleiki þegar ferðast er með börn að geta hugsað úr fyrir kassann. Við komumst t.d. mjög fljótt að því þegar að við byrjuðum að klifra með strákinn okkar 6 mánaða að línupokinn með línunni er líka stórfín skiptidýna. Ef dót gleymist geta tvistar, karabínur, steinar og sandur verið hin bestu leikföng. Hugsid út fyrir kassann því að maður getur lent í ýmsum uppákomum.

Þegar komið er í kraggan skal hafa það í huga börnin séu ekki undir þeim leiðum sem verið er að klifra í. Ef það er óumflýjanlegt er best að hafa þau sem næst veggnum þar sem grjót fellur sjaldnast beint að rótum leiðarinnar.

Þetta getur átt við þegar að klifrað er með ungabarn sem sefur í bílstólum sínum. Ef börnin eru komin á aldur til að klifra skal ávallt hafa þau í réttum beltum. Börn undir 5-6 ára skulu vera í beltum sem að ná yfir axlir þar sem þau hafa hærri þyngdarpunkt en stærri börn og fullorðnir. Eftir að sonur okkar varð eldri bjóðum við honum reglulega að fá hjálminn sinn, kalkpoka og beltið. Stundum vill hann bara fá búnaðinn, stundum ekki, stundum vill hann klifra smá en yfirleitt vill hann bara aðeins fá að dangla í línunni og róla. Við höfum ákveðið að ýta honum ekki í það að prófa ef hann vill það ekki. Það kemur kannski einn daginn, kannski ekki. Mín sýn er að maður getur ekkert gert til að láta börnunum sínum líka vel við klifur, aðeins hluti sem geta látið þeim líka illa við klifur.

Klifurferð með börnin er líklega ekki ferðin þar sem þú munt rauðpunkta erfðustu gráðuna, þótt að það sé vel hægt. Munum bara að njóta þess að vera með börnunum, kynna þau rólega fyrir klifrinu, kenna þeim á náttúruna og deila því sem manni finnst skemmtilegast að gera með því fólki sem manni þykir hvað vænst um. Fyrir börnin á þetta bara að snúast um skemmtun. Fjölskyldudagur í kragganum snýst fyrst og fremst um að hafa gaman saman og njóta.

Hafðu (AKU) með í valinu

AKU SUPERALP GTX 39.900 kr.

Framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum



GG-sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is



Svæfing í kragganum



Línupoki getur verið þrýðis skiptidýna

LEDLENSER.

SEO

höfuðljósinn

SEO höfuðljósalínan frá Led Lenser nýtur mikilla vinsælda hjá íþrótt- og útivistarfólki, ekki síst hlaupurum, göngu- og klifurfólki. Hönnun þeirra er frískleg og hugvitsamleg og þau eru afar létt og þægileg í notkun. Lýsing og rafhlöðuending er framúrskarandi.

SEO3



- 100 lumens
- Stíllanlegur halli
- Drægni: 100 metrar
- Aðeins 105 g
- Notar 3 AAA rafhlöður
- Vatnsvarið (IPX6)
- Rafhlaða endist allt að 40 klst.
- 1 kraftmikið hvítt LED ljós

SEO5



- 180 lumens
- Stíllanlegur halli
- Stíllanlegur fókus
- Drægni: 120 metrar
- Aðeins 105 grömm
- Notar 3 AAA rafhlöður
- Vatnsvarið (IPX6)
- Rafhlaða endist allt að 25 klst.
- 1 kraftmikið hvítt LED ljós og eitt rautt LED ljós sem hentar vel til að halda nætursjón

SEO7R



- 220 lumens
- Stíllanlegur halli
- Stíllanlegur fókus
- Drægni: 130 metrar
- Aðeins 93 grömm
- Vatnsvarið (IPX6)
- Lithium hleðslurafhlöður fylgja
- Rafhlaða endist allt að 20 klst.
- 1 kraftmikið hvítt LED ljós og eitt rautt LED ljós sem hentar vel til að halda nætursjón

LED LENSER SÖLUADILAR:

Ísleifur Jónsson ehf.
Draghálsi 14-16, Reykjavík
Sími: 412 1200

Vélsmiðjan Þristur
Sindragötu 8, Ísafirði
Sími: 456 4750

Gangleri Outfitters
Hverfisgötu 82, Reykjavík
Sími: 583 2222

Kaupfélag V-Húsvetninga
Byggingavörur
Strandgötu 1, Hvammstanga
Sími: 455 2300

Straumrás
Furuvöllum 3, Akureyri
Sími: 461 2288

Íðnaðarlausnir ehf.
Skemmuvegi 6, Kópavogi
Sími: 577 2233

K.M. Þjónustan ehf.
Vesturbraut 20, Búðardal
Sími: 434 1610

Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Höfðatúni 4, Hólmavík
Sími: 455 3100

VÉLAR & VERKEFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C • 104 REYKJAVÍK • SÍMI: 550 8500 • FAX: 5508510 • WWW.VV.IS

Mynd: Björgvin Hilmansson

Sterling Ropes

Besti vinur klifrarans



Aero 9,2mm



Helix 9,5mm



Velocity 9,8mm

Fæst í Fjallakofanum og Klifurhúsinu

STERLING™

Róbert Halldórsson klifrar first ascent: Punnt milli þilja W15+ M6 R.



Mannlíf á fjöllum – Katrín Möller



Mannlíf á fjöllum – Þorsteinn Cameron

Texti: Elín Lóa Baldursdóttir
Myndir: Biggi, Elín Lóa, Henrik & Kata

El Potrero Chico

Fjöllin gnæfðu yfir. Fjölskyldu-
tjaldinu úr Walmart fór vel að
standa á tjaldsvæðinu með þessi
ógnvænlegu fjöll í bakgrunnum.
Við höfðum eldhús, sundlaug,
hengirúm og útsýni. Það besta
var að það tók aðeins tíu mínútur
að labba að klifurleiðunum.



Bergur klifrar á Upper Virgin Wall



Kata á fyrsta stans í Crack Test Dummies (5.9) á turnunum, eða the Spires.

Þarna vorum við mætt fimm vitleysingar; ég, Elín Lóa, ásamt Berg Inga Geirsyni, Birgi Ottesen Jóhannssyni, Henriki Chadwick Hlynssyni og Katrínu Kristjánsdóttur en við áttum það öll sameiginlegt að hafa útskrifast úr leiðsögunáminu í Keili fyrr um sumarið. Við ætluðum okkur að dveljast í Mexíkó í nokkrar vikur áður en við héldum yfir landamærin.

El Potrero Chico hefur að geyma afar mögnuð kalksteinsfjöll en nafnið þýðir „Litli Kóral“. Svæðið er staðsett við litla svefnbæinn Hidalgo í Norður-Mexíkó, í aðeins klukkutíma fjarlægð frá Monterrey sem er þriðja stærsta borg landsins. Þar má finna yfir fjögur hundruð boltaðar leiðir og aðkoma að flestum þeirra er afar stutt. Margar eru einnar spannar en svæðið er hins vegar þekktast fyrir boltaðar fjölspannaleiðir. Sú leið sem dregur að hvað flesta klifrara er Time Wave Zero. Hún telur tuttugu og þrjár spannar og er gráðuð 5.12a, þar sem erfiðasta spönnin er sú tuttugasta í röðinni. Á kvöldin mátti

oft sjá ljóstýrur í fjallinu frá klifrum að ljúka við að síga niður úr leiðinni, sem oft á tíðum reynist meira mál en að klifra hana. Segja þeir. Við ákváðum hins vegar að geyma hana þar til næst. Eða kannski þar næst...

Þar sem að við höfðum komið til Potrero í október, rétt á undan háanna tímabilinu, leið okkur oft eins og við hefðum svæðið út af fyrir okkur. Við þurftum sjaldan að bíða eftir leiðum eða veggjum og ávallt nóg af valmöguleikum í boði. Á móti kom að suma daga var ákaflega heitt og mikill raki í loftinu. Svæðið er mikill samkomustaður fyrir íbúa Hidalgo og því mátti oft heyra hefðbundna mexíkóska tónlist óma á meðan við klifruðum. Sérstaklega á sunnudagseftirmiðdögum, en þá fylltist allt af fjölskyldum og vinahópum að gera sér glaðan dag.



Kata á toppi turnanna.

Annar klifurdaginn okkar í ferðinni var skýjað og hitinn einhvers staðar yfir þrjátíu gráðum. Við Biggi vorum að hefja fyrsta klifur dagsins þegar við heyrum skrýtin hljóð frá veggnum þar sem Kata og Bergur voru að klifra og röltum því til þeirra. Þá kom á daginn að iðilfögur margfætla átti aðsetur í gripinu sem Bergur hafði teygst sig í og ákvað því að bíta hann allhressilega í fingurinn. Þetta forsögulega skorkvikyndi beit svo fast að Bergur þurfti að hrista höndina harkalega til að losa margfætluna af fingrinum. Trausti tryggjarinn Kata smeygði sér svo fimlega undan þegar brún-appelsínugula veran flaug til jarðar. Eftir lendingu mjakaði kvikyndið sér svo sallarólegt aftur til forneskju.

Nú voru góð ráð dýr. Margfætlubit er ekki beint vandamál sem maður glímur við á Hnappavöllum. Áttum við að kæla? Sóttthreinsa? Taka höndina af? Umsjónarmenn tjaldsvæðisins höfðu heimilsráð undir rífi hverju og sóru við það að best væri

að nudda bitsárið upp úr hvítlauk. Angandi af hvítlauk óku þau okkur svo um alla kima Hidalgo í leit að lækni, sem ekki fannst á laugardegi. Þegar höndin var farin að líta meira út eins og uppblásinn gúmmihanski en hendi og hvorki ofnæmis- né bólgueyðandi lyf virtust slá á þrotann var sjúklingnum skutlað á spítala í stórborgina Monterrey og hann sprautaður. Tvisvar.

Dvölin í el Potrero Chico var í heildina ákaflega góð. Það voru forréttindi að geta klifrað á daginn og borðað taco á kvöldin. Það sem situr eftir er bröltið, gleðin og félagsskapurinn. Að geta klifrað án þess að klæðast primaloft. Að toppa kalksteinsturna og treysta á eldgamla og ryðgaða fleyga, en hver setur ekki traust sitt á slíkt edalstál? Að æfa sig í að detta í leiðslu í hvert skipti sem maður sá margfætluna eða hélt sig heyrá í skröltormi. Og síðast en ekki síst að skála í margarítu fyrir góðum degi. ¡Salud!



1.



2.



3.



4.



5.



6.



7.

- 1. Elín Lóa á Lower Virgin wall.
- 2. Horft inn El Potrero Chico gjúfrið.
- 3. Finna má yfir 400 boltaðar leiðir á svæðinu.

- 4. Á leið með öllum frá tjaldstæðinu í klifur, aðkoman gerist vart þægilegri.
- 5. Kata að klifra á Wonder Wall.
- 6. Á leið frá Boston til Mexíkó.
- 7. Hendurnar á Bergi, önnur þeirra var bitin af margfætlu.



Texti: Vilborg Anna Gissuradóttir
Myndir: Vilborg Anna og Ármann Guðjónsson

Everest



Ég held að flestir geti verið sammála um að sá sem gengur í gegnum Khumbudalinn, upplifir mikilfengleika Himalaya-fjallanna, menningu Sherpana og sjálfan sig í þessu umhverfi fær að einhverju leiti nýja sýn á lífið. Það er allavegana mjög erfitt að fara þar í gegn án þess að vera ósnortinn á sál og líkama.

Þess vegna er ferð á Everest svo miklu meira en margir gera sér grein fyrir. Að takast á við sjálfan sig, umhverfið og aðra einstaklinga krefst bæði úthalds og áræðni en það þarf líka samland af kjarki og auðmýkt.

Everst er stór lífsreynsla fyrir hvern þann sem reynir við fjallið. Sigurinn er stór ef maður kemst á tindinn, það þarf stóran skammt af kjarki til þess að geta snúið við í tíma ef svo ber undir og ef svo fer að aðstæður á fjallinu breytast í hörmungar að þá verður stórt sár á sálartréinu. Eitt þarf maður að hafa í huga allan tíman, alveg sama hvað, það er trúin á sjálfan sig og traust á félögum.

Eins og flestir fjallamenn hafði ég lesið bókina *Into Thin Air* eftir John Krakauer á upphafsárum mínum í fjallamennsku. Ég sat límið við bókina og lét hana ekki frá mér fyrir en ég hafði sagt skilið við síðasta punktinn. Aldrei hefði mig grunað á þeim tímamarki að ég ætti eftir að standa í þeim sporum að upplifa næstu mannskæðu hörmungar í fjallinu, hvað þá við hliðina á mönnum sem ég hafði lesið um í bókinni. Nú hefur það gerst tvisvar.

Ég tel mig vera ákaflega heppna manneskju að hafa komist heil úr þessum aðstæðum og ég er þakklát fyrir það. Á sama tíma hef ég bundist landinu og Himalaya órjúfanlegum böndum. Ég hef líka eignast vini bæði héðan úr dalnum og fjallamönnum úr öllum heimshornum og því er kannski víðeigandi að ég skrifi þennan pistil með „Hot Lemon“ í hönd á te húsi í Pathting á leiðinni upp Khumbudalinn með Tomma manningum mínum og Dendi Sherpa vini mínum.

Ég var full eftirvæntingar þegar ég lagði af stað á Everest í fyrri skiptið árið 2014. Reyndar viðurkenni ég alveg að ég fékk smá hnút í magann þegar ég hitti klifurfélaga mína því ég var all nokkru lægri en þeir og hélt kannski að ég myndi ekki vera alveg jafn öflug og þeir. Ég á nú að vita að við eigum öll okkar styrkleika og veikleika sem vinna með okkur á mismunandi tímum og öll munum við eiga okkar frábærlegu góðu daga og dagana þar sem við þurfum að hafa aðeins meira fyrir hlutunum. Þannig er það bara og mun víst alltaf verða, alveg sama hvað sentimetrarnir eru margir eða vöðvamassinn mikill.

Ég var heilluð af Khumbudalnum og Sherpamenningunni frá degi eitt.



Með Atla á Cho Oyu

Öll ferðin upp í Basecamp stóð undir væntingum og meira til. Eftir nokkrar aðlögunarferðir upp í camp 1 á Pumo Ri þar sem helmingurinn af orkunni fór í að halda kúlinu var komið að því að kanna Khumbuísfallið. Þann morgun sem við áttum að fara í fyrsta skipti upp og kynna aðstæðum varð gríðarlegt íshrun í ísfallinu. Ég vaknaði snemma um morguninn við skerandi hljóð. Það var hátt og það var á einhvern hátt öðruvísi en þau læti sem við heyrum alla jafna í fjöllum. Ég get kallað þetta hljóð fram í kollinum á mér hvenær sem er, svo minnstætt er það. Í fyrstu vissi ég ekki hvar flóðið hafði fallið og ekki um þann alvarleika sem fylgdi aðstæðum, en fljótlega fór allt af stað. Ómur frá talstöðvum, fólk á ferð

og það var ekki um að villast: Flóðið hafði fallið á hóp heimamanna sem voru á ferð í ísfallinu við að undirbúa klifurtímabilið. Fyrstu björgunarmenn lögðu nánast samstundis af stað en það tók þryluna um tvær klst. að komast á slyssstað. Það hafði brotnað ísstykki og splundrast yfir hópinn sem hafði verið fastur í flöskuháls þar sem einn stiginn hafði aflagast og það tók tíma að koma honum í samt lag aftur.

Ég starfaði í sjúkratjaldi fyrir þá sem voru slasaðir og þurftu aðhlyningu en ekki lífshættulega slasaðir. Það var reynsla sem tók á því engin orð komast nálægt því að hugga einhvern sem hefur upplifað svona slys og veit ekki um afdrif félaga sinna eða ættingja. Maður er lítilsmegnugur en gerir sitt besta. Þryllurnar sóttu bæði alvarlega slasaða einstaklinga og þá sem höfðu týnt lífi þann dag. Þetta er dagur sem mun aldrei gleymast og margt er greipt inn í minnið því eins og einhversstaðar segir: „You can't unseen what you have seen.“ Það voru sextán Sherpar sem týndu lífi þennan dag en þrír af þeim höfðu verið í okkar teymi. Á örskammri stund hafði tilhlökkunin breyst í mikla sorg sem hvíldi yfir öllu. Leiðangrinum okkar var aflyst og það var eina rétta ákvörðunin. En eins og stundum vill verða spretta upp hagsmunaárekstar og það hryggði mig mjög að sjá hvað sumir aðilar voru tilbúnir til þess að ganga langt til þess að fá sínu framgegn. Það var líka erfitt að vita ekki um afdrif þeirra fjölskyldna sem misst höfðu maka og aðra nána



Á ferðinni í gegnum Khumbu ísfallið



Basecamp tjaldbúðir leiðangursins orðnar að rústum einum eftir snjóflóð í kjölfar jarðskjálftans

ættingja því líftryggingarnar dekla lítið sem ekkert. Laun Sherpanna voru líka mikið í umræðunni en þau eru talsvert frá því sem gegnur og gerist á meðal vestrænna leiðsögumanna á fjallinu.

Ég kom heim og var í molum og smá saman þurfti ég að þúsla sér saman aftur. Ég var mjög meidd í kjölfarið og átti hreinlega bara erfitt með að ganga á fjöll. Mér leið líka illa með það sem hafði gerst. Ég ákvað að takast á við þetta skref fyrir skref með aðstoð fagmanna og á sama tíma að setja mér markmið. Það var kannski frekar háleitt markmið að stefna á Cho Oyu (8201), sjötta hæsta fjall jarðarinnar þegar Esjan reynist manni ofviða. Ég vissi að ég þyrfti að fara aftur á bak svo ég hélt út tveimur mánuðum síðar í félagi við Atla Pálsson. Við flugum til Kathmandu og keyrðum yfir landamærin til Tibet og níu dögum seinna komum við í Base camp. Þetta er að mestu leiti akstur en gengið er síðustu tvo daga af leiðinni. Kampurinn liggur hátt eða í 5800 m hæð og því skiptir miklu máli að aðlagast vel.

Þetta var „low budget“ leiðangur og við höldum út á okkar eigin vegum, við fengum tjald og mat í Base camp en vorum án allar aðstoðar á fjallinu.

Það kostar auðvitað margar ferðir með þunga bakpoka til þess að flytja vistir og að aðlagast aðstæðum. Atli fékk háfjallaveiki og varð að taka þá erfiðu en virðingarverðu ákvörðun að snúa heim. Það var erfið ákvörðun að verða ein eftir á fjallinu, sérstaklega þar sem maður var algjörlega á eigin vegum en þráin var bara svo sterk. Ég hélt áfram að bera dótið mitt og að takast á við sjálfa mig og aðstæðurnar. Ég tók milli camp þar sem mér þótti það heppilegri kostur en að vera að ýta sjálfri mér fram yfir einhver mörk. Þetta var gríðarlega erfitt en alls ekki ógerlegt. Maður þarf að vera skynsamur og hlusta á sjálfan sig, gera eins og líkaminn og aðstæður segja en ekki egóið. Eftir rúmar fimm vikur á fjallinu var ég tilbúin til þess að reyna við tindinn og hélt af stað í sjálft summit push-ið. Þegar ég kom í þriðju og síðustu búðir á tjaldinu var lítið eftir á tanknum bæði líkamlega og andlega. Ég þurfti virkilega að beita mig hörðu til þess að minna mig á af hverju ég tók þessa ákvörðun. Fá mér vel að drekka og borða eins og maður getur, verandi staddur í 7500 m hæð.

Ég fann sjálfa mig aftur og lagðist til hvíldar, jafnframt ákvað ég að fara síðust úr campinum rétt eftir miðnætti

þar sem ég var ekki með auka súrefni og myndi því að öllum líkindum fara aðeins hægar yfir en aðrir. Það var erfitt að hafa sig af stað. Hver hreyfing krefst áreynslu og einfaldir hlutir eins og að klæða sig í skó tekur tíma og þolinmæði en einhvern veginn hafðist þetta allt saman. Þegar ég var komin í broddana og beltið horfði ég bara á bakpokann minn og fór að snökta – hvernig í ósköpunum datt mér þetta í hug? Eftir smá stund reif ég bakpokann upp og tautaði; Vilborg, þú ert ekki komin á þennan stað til þess að gefast upp og þar með tók ég fyrsta skrefið inn í toppdaginn.

Það var myrkur og ég sá ljósinn fyrir ofan mig sílast upp í gegnum gula bandið, bráðum yrði ég komin þangað og þá er vissara að hafa einbeitinguna í lagi. Þó Cho Oyu sé ekki tæknilega erfitt fjall eru nokkrir staðir sem eru brattir og krefjast þess að maður noti exi og jummara og taki klifur sem krefst ekki mikils við sjávarmál en þarna þarf aðeins meira til.

Ég komst í gegn og smám saman, skref fyrir skref, nálgadist ég markmiðið. Sólin kom upp og það var töfrum líkast, skugginn af fjallinu náði marga kílómetra yfir Himalayafjallgarðinn og



Roy og Danny, leiðangursfélagar Vilborgar, grafa upp tjöldin sín eftir snjóflóði og jarðskjálftann

þvílíkt augnablik! Það gaf mér fítónskraft. Upp ætlaði ég og níu tímum eftir að ég lagði af stað náði ég inn á tindinn. Það kom smá kökkur í hálsinn og kannski smá tár í annað augað. Þetta hafði reynt verulega á og eins og allir fjallamenn vita krefst niðurferðin gríðarlegar athygli og aga, þetta var hvergi nærri búíð. Ég horfði yfir á Everest og minntist orða Sherpafélaga minna sem höfðu í sífellu spurt mig hvort ég ætlaði ekki að reyna aftur við fjallið. Þarna vissi ég svarið í hjartanu mínu – ég myndi reyna aftur.

Toppamómentið var merkilegra fyrir mig persónulega en mig óraði fyrir á þessum tímamarki. Ég hafði náð því að verða fyrst kvenna í heiminum til að klára bæði sóló leiðangur á pól og 8000 m fjall. Ég komst að því nokkrum vikum eftir að ég kom heim og vá, þvílík gleði! En ég var feimin að segja frá því, sérstaklega til að byrja með.

Ég komst heil niður eftir krefjandi ferðalag og heim til Íslands. Haustið leið og ég var lengi að ná mér eftir þennan leiðangur, hann tók á og loksins þegar leið að jólum var ég komin aftur í sæmilegt form. Þá tók ég formlega ákvörðun og fór að vinna í því að komast

aftur á Everest. Í lok mars hélt ég út og vonaðist til þess að nú væri komið að því, að nú skildi allt ganga upp. Til að byrja með var ferðin frábær í alla staði, geggjáður hópur undir leiðsögn Guy Cotter, eins reynslumesta fjallamanns heims. Formið var gott, ég aðlagadist mjög vel og sjálftraustið jókst með hverju skrefi. Við komum í Base camp og höldum áfram að aðlagast, ferðirnar upp í Khumbu ísfallið gengu vel og það var stuð á okkur.

Eftir fyrstu nóttina í Camp 1 vorum við Steve tjaldfélagi minn að slappa af og á léttu fjallatrúnoi eins og gengur og gerist. Allt í einu heyrum við hvel og jörðin undir okkur pompar niður. Úff, það er virkilega óþægileg tilfinning, verandi á skriðjökl og sprungur allt í kring. Við lítum á hvort annað og stökkvum út, þá byrjar jörðin að hristast af svo miklum krafti að erfitt er að lýsa honum, jörðin skalf og það bergmálaði í fjallasalnum. Við vorum skelfingu lostin og það næsta sem við sáum í gegnum „White out-ið“ var snjóflóð að koma niður hlíðina og í áttina til okkar. Ég hef aldrei orðið jafn hrædd. Við hlupum inn í tjaldið, grúfðum okkur niður og óskuðum þess heitast að flóðið færi framhjá. Þegar lætin voru liðin hjá

þorðum við að rísa upp, við litum út og sáum ekki í næsta tjald, við vorum í miðju þúðurskýinu. Þarna munaði mjóu, vægast sagt. Það var ekki sömu sögu að segja hjá félögum okkar í grunnbúðum. Jarðskjálftinn hafði komið af stað heljarinnar snjóflóði sem flatti út hluta af öllum þeim búðum sem settar eru upp á meðan klifurtímabilið er. Okkar búðir voru þar á meðal og þær sem voru nærliggjandi. Fólk var slasað og sumir höfðu týnt lífi. Það var gríðarlega erfitt að vera fastur upp í Camp 1 vitandi af aðstæðunum niðri, að geta ekkert gert, að vera hjálparvana, lítill og ekki vita hvað næstu klukkustundir og dagar myndu bera í skauti sér. Við vorum líka dauðhrædd þarna uppi, líkur voru á fleiri flóðum og öðru hvoru komu eftirskjálftar. Nóttin á eftir var erfið, myrkur og sífellt að hlusta eftir hljóðum. Hugurinn reikaði í sífellu niður í grunnbúðir og ástandsins þar. Við vissum lítið, en nóg samt. Sherparnir í okkar búðum vissu ekki um afdrif fjölskyldna og vina. Dendi sem ég er með hér í dag missti bæði föðurbróður sinn Jambu og Pemba bróður sinn, sjálfur slasaðist hann í flóðinu. Það var allt landið undir og miklir hörmungardagar komu í kjölfarið. Það voru þúsundir manna



Á tindi Cho Oyu

sem týndu lífi þennan dag, þar af 35 manns í grunnbúðum og enn fleiri voru slasaðir. Okkur var bjargað niður í þyrllu þegar búíð var að flytja slasaða í burtu. Eyðileggingin blasti við og okkar búðir höfðu jafnast við jörðu. Ég var heppin þann dag að hafa ekki verið í tjaldinu mínu því það var í mörgum pörtum, að hluta til grafið og dótíð hér og þar um jökulinn. Næstu dagar voru erfiðir, mikil sorg og hræðsla. Í kjölfarið hófst mikið uppbyggingarstarf og það var gott að sjá hvað mikið hafði gerst síðan ég yfirgaf landið eftir náttúruhamfarirnar 2015. Ég sé mikinn mun á Kathmandu og hér í Khumbudalnum eru margir búnir að endurbyggja húsin sín og sumir eru enn að. Það var stórt skarð hoggíð í Nepal þennan dag og ég vona svo heitt og innilega að landið nái sér almennilega á skrið og við getum hjálpað til, meðal annars með því að ferðast hingað og skilja eftir tekjur.

Að þessu sinni er leiðinni heitið á Island Peak með viðkomu í Everest Base camp. Það er gott að vera komin til baka og ég gerir ráð fyrir að tilfinningin fyrir því að standa aftur fyrir framan fjallið verði ljúfsár, en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér?




Fjör á fjöllum!

Vel búin og með öryggið á oddinum...





Petzl Ride
240 g.
Lengd 45 cm.
Verð 16.995,-



Petzl Altitude
4 dótalykkjur
150 g. (S/M)
Verð 15.995,-



Petzl Leopard
Ál og CORD-TEC
330 g. parið
Verð 27.995,-










Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



GARMIN®

FĒNIX®
CHRONOS

EITT LÍF. LIFÐU ÞVÍ TIL FULLS.
GLÆSILEGT GPS ÚR SEM SAMEINAR HEILSU- OG SNJALLÚR
FYRIR KRÖFUHARÐA ÍPRÓTTAMENN OG ÚTIVISTARFÓLK.



SIMONE
MORO
Fjallagarpur,
þyruflugmaður,
Kaupsýslumaður




GARMINBÚÐIN

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | s. 577 6000 | www.garmin.is

Texti og myndir: Áslaug Ellen G Yngvadóttir

Mansal í kjölfar jarðskjálftans í Nepal



Þann 25. apríl 2015, klukkan 11:56 á staðartíma skók jarðskjálfti Nepal, en stærð hans á Richter-skalanum var 7,8. Skjálftinn tók með sér 8.693 mannlíf, og áætlað er að 22.221 hafi slasast. Yfir 505 þúsund heimili hrundu, og um 280 þúsund voru að hluta til eyðilögð.



Klifur - Bjartur Týr Ólafsson



Klifur - Þorsteinn Cameron

Viðtal við Nungshi & Tashi Malik



Tashi & Nungshi á Norðurpólnum

Eins og margir fréttagöggir menn tóku eflaust eftir voru hér á landi fjallagarparnir Tashi og Nungshi Malik. Þær eru tvíburasystur frá Indlandi og þrátt fyrir að vera einungis 25 ára hafa þær lokið við *Explorers Grand Slam*, sem á íslensku mætti útleggja sem „Landkönnuða alslemma.“ Þær luku þessu verkefni árið 2015. Fyrir þá sem ekki vita þá er þetta að klífa hæsta tind hveggjar heimsálfu og ganga síðustu gráðuna á Norður- og Suðurpól. Þær voru hér á landi til að taka á móti Könnunarverðlaunum Leifs Eiríkssonar í flokknum ungir könnuðir sem veitt voru af Könnunarsögusafninu á Húsavík.

Aðspurðar að því hvernig þær hafi hafið fjallmennskuferilinn svarar Tashi því til að þetta hafi allt byrjað árið 2009 þegar þær voru útskrifaðar úr skóla og ekki alveg ákveðnar í því hvað þær ætluðu að taka sér fyrir hendur. Faðir þeirra lagði þá til að þær myndu fara á grunnnámskeið í fjallamennsku, til að prufa eitthvað nýtt og kynnast sjálfum sér betur. Þarna kviknaði neistinn og ári síðar höfðu þær lokið leiðbeinandagráðu í fjallamennsku, tvær fárra indverska kvenna með þá gráðu. Árið 2010 kviknaði svo áhuginn á að klífa Everest sem þær gerðu svo vorið 2013.

Systurnar leggja fyrst og fremst áherslu á lengri leiðangra og leiðangursklifur (e. *expedition climbing*). Síðustu ár hafa þær ekki lagt mikla stund á kletta, ísklifur eða fjallaskíðun en hafa þó farið á nokkra alpaklifurtinda (e. *Alpine style climbing*). Þær segjast þó stefna á að færa sig meira inn á þessi svið og nú í desember ætla þær að klífa Mt. Cook í Nýja Sjálandi.

Af öllum þessum frægu tindum veltir maður því fyrir sér hver sé erfðastur við að eiga. Nungshi segir Everest vera efst á listanum hjá þeim, þar sem það

sé eini 8.000 m tindurinn. Hinsvegar bendir Tashi á að fast á hælana komi Denali. Þar séu allt aðrir aðstæður. Bæði er það veðrið á Denali sem erfitt er við að eiga auk þess sem til dæmis á Everest hafi hver klifurari yfirleitt tvo sherpa til að hjálpa sér á meðan á Denali þurfi menn meira að treysta á sjálfan sig, bæði við burð á vistum upp fjallið sem og ákvarðanatöku. Þær voru frekar óheppnar með veður á Denali, lentu í að bíða í viku í snjóstormi í tjaldbúðum í um 4300 m hæð.

Systurnar segja einnig að það sem sé erfðast við þessa löngu leiðangra eru þær aðstæður sem menn geta komist í, tala þar meðal annars um hluti sem erfitt er að eiga við eins og veður, veikindi og annað. Þær benda því þeim sem hafa áhuga á að klífa tindana sjö og ganga á pólana tvo að góður undirbúningur sé það sem skipti öllu máli og að ekki þýði að svindla á sjálfum sér þegar kemur að tæknilegri, líkamlegri og andlegri þjálfun, frekar en að kynna sér aðstæður á fjallinu.

Einn megintilgangur með leiðöngurum þeirra var að vekja athygli á slæmri stöðu kvenna í Indlandi og þá sérstaklega stúlkubarna, en í mörgum héruðum Indlands vilja foreldrar fremur eignast drengi en stúlku og leiðir það til þess að eigi fólk von á stúlkubarni fari það mun fremur í fóstureyðingu. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að í sumum ríkjum er kynjahlutfall mjög ójafnt og nefna þær til dæmis að í Haryana héraðinu sem faðir þeirra er frá er einungis um 861 kona á móti hverjum 1000 körlum.

Til að fagna því að hafa lokið við „Landkönnuða alslemmuna“ settu þær á fót stofnun, *NungshiTashi Foundation*, sem hefur það að markmiði að þróa fjallamennsku sem íþrótt í Indlandi

og efla kvenréttindi með aukinni þátttöku kvenna í útivist. Þær benda á að þetta sé stórt verkefni enda séu konur einungis um 30% af þeim sem stunda fjallamennsku á Vesturlöndum og í stórum hluta Indlands séu hefðir þannig að stúlkur/konur hafi ekki tækifæri til að gera það sem þær vilja eins og til dæmis að stunda fjallamennsku. Áhugasömum um þessi mál er bent á að skoða heimasíðuna þeirra: www.nungshitashi.org

En hvað gerir maður þegar maður er 23 ára og hefur þegar lokið hinni alræmdu „Landkönnuða alslemmu“ og á þeirri vegferð slegið nokkur heimsmet í fjallamennskuheiminum? Systurnar segjast ekki stefna á að vera atvinnufjallagarpar. Þær leggja nú stund á nám í íþróttafraði á Nýja Sjálandi. Þær segja þó líklegast að starfsferill þeirra muni að að miklu leiti verða tengdur fjallamennsku á einn eða annan hátt, enda eru þær búnar að koma á fót þessari stofnun. Þrátt fyrir að segjast ekki ætla að vera atvinnufjallagarpar eru þær samt komnar með annað stórt verkefni sem þær eru að reyna að fjármagna, en það er að ganga „yfir“ fjórar af stærstu íshellum jarðar. Þetta er um 5.000 km gangur þar sem þær stefna á að ganga alla leiðina á Norður- og Suðurpólnum sem og þveran Grænlandsjökul og stærstu íshellu Patagoníu. Fyrir áhugasama er hægt að fylgjast með því verkefni á samfélagsmiðlunum með því að slá inn *#TwinGirls4IceCapsChallenge*.

Aðspurðar hvernig þeim líki Ísland, dásama þær land og þjóð og segjast stefna á að koma hingað aftur og fara til fjalla, þær séu nú þegar komnar í samband við aðila hér á landi með það og mögulega leiði þær einhverjar göngu- og fjallaferðir hér á næstu árum.



Mannlíf á fjöllum - Þorsteinn Cameron

Texti og myndir: Bryndís Bjarnadóttir
og Sólveig Valgerður Sveinbjörnsdóttir

Ævintýri skíðaróna í Chamonix

Lífið í Chamonix er mögulega eitt besta líf sem hægt er að hugsa sér, allavega ef þú spyrð einhvern sem hefur búið þar um nokkurt skeið. Chamonix er eins og himnaríki fyrir alla þá sem stunda útivist og ég held það sé hægt að segja að hver sá sem kemur þangað heillist af fjallsýn bæjarins!



Bryndís á leið upp að Keyhole



Sólveig og Eiður virða fyrir sér Mont Blanc massif í ski touring missiöni

Undanfarin ár hefur ungt fólk frá Íslandi leitað til Chamonix til að svara útivistarþrá sinni og þá aðalega til að stunda skíðamennsku og alpklifur. Seinustu fjórir vetur hafa verið nýtt tímabil ungra Íslendinga sem dvalið hafa í Chamonix og lifað svokölluðum „skíðaróna“ lífstíll ef svo má að orði komast. Líf skíðaróna er með eindæmum gott og stendur yfirleitt yfir í um 3-5 mánuði á ári, og það eina sem á sér stað í þessa mánuði er að skíða besta púðrið, bestu leiðirnar, og stundum kíkja á barinn. Svona gengur lífið fyrir sig hjá þessu unga fólki yfirleitt og má segja að þetta sé full vinna, mörgum til mikillar undrunar mögulega, en það tekur á að skíða í marga mánuði og yfirleitt er maður búin á líkama og sál eftir margra mánaða veru í Chamonix.

Fæður nýja Íslendingaveldisins í Chamonix eru Magnús Arturo Batista og Björn Ingason en þeir hafa staðið skíðarónavaktina í fjögur skíðatímabil (2013-2016). Við bættumst nokkur í hópinum veturinn 2015 en þá mættu Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Eiður Smári Valsson og Bryndís Bjarnadóttir. Daníel Guðmundsson og Jóhann Garðar Þorbjörnsson hafa einnig verið til lengri

tíma, Danni bæði árin og Jóhann í vetur og árið 2013. Freyr Helgason var einnig að skíða tímabilið 2015. Í vetur bættust Þorlákur Jón Ingólfsson og Katrín Kristjánsdóttir við, svo í heildina töldum við níu þennan vetur. Við leigðum tvær íbúðir tveim mínútum frá hvor annarri, önnur var í Cham Sud og hin er staðsett við lestarteinana, báðar eru þær mjög vel staðsettar í miðbæ Chamonix. Sólveig nældi sér í innfæddan kærasta og þau leigðu íbúð í Argentiére. Í annarri íbúðinni bjuggu Bjóssi, Magnús, Bryndís, Láki og GW, bandarískur vinur okkar frá því í fyrra. Í íbúðinni í Cham Sud bjuggu Eiður, Danni, Jói og Kata. Láki og Kata gistu á milli íbúða – en þau urðu par eftir að íbúðarmál voru ákveðin. Hópur af ungu fólki bjó í Chamonix um aldamótin, ef okkur skjátlást ekki og er það fyrra veldi íslenskra skíðaróna í Chamonix. Sumir meðlimir þess hóps kíktu á gamlar heimaslóðir í vetur. Í heild má segja að þessi lífstíll sé hættulega ávanabindandi og ef þú ákveður að fara út í þennan lífstíl er mjög líklegt að þú festist þar um ókomna tíð.

Nokkuð var um heimsóknir í vetur og oftast var þéttskipað í íbúðunum tveim.

Erla Guðný Helgadóttir kom á besta tíma vetrarins og þá skiptust á púður-dagar og sólskin. Védís Ólafsdóttir, Magnús Finnsson og Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir kíktu í heimsókn rétt fyrir páska og fengu snjóstorm og helling af púðri. Jónína Herdís Ólafsdóttir kom og kíkti á brekkurnar og Viktor Þór Jorgensson kom í lok tímabilsins og kíkti á steepski senuna. Svo komu nokkrir sprækir fjölskyldumeðlimir og kíktu á lifnaðinn.

Ekkert okkar var að vinna í Chamonix, heldur að renna okkur á skíðum alla daga. Flest okkar vinna sem leiðsögumenn af einum toga eða öðrum svo þetta bætir vel í reynslubankann.

Týpískur dagur í lífi skíðaróna myndi hefjast að kvöldi þar sem ákveðið er hvert skal halda, þá er farið yfir veðurspár, snjóspá, snjóflóðaáæstæður og síðan er pantað í gondólann ef þess þarf. Fólk rifur sig vanalega fram úr um 8, stundum þó aðeins seinna. Stór morgunmat, kaffi og rennt yfir almenna stöðu í dalnum. Hópurinn hefur mjög breitt getustig og því eru oft mörg plön í gangi og fólk á leiðinni í misjöfn „mission“. Fólk röltir út að



Kata og Láki á jökli

Midi lyftunni, með stuttu stoppi í bakarínu eða út á strætóstoppustöð og tekur videigandi strætó. Stundum spilar maður Chamonix-lottóið og tekur bara næsta strætó sem kemur, en allir strætóarnir sem koma eru með stopp á skíðasvæði. Það eru fimm skíðasvæði í dalnum í mismunandi hæð og snúa í mismunandi áttir. Auk þess er Aiguille du Midi (Midi) lyftan sem fer upp í 3842m í einungis ótroðið svæði – svona eins og villta vestrið í skíðafjallamennsku: Hið heilaga gral þar sem þú ferð ekkert án þess að vera vel girtur í belti og sjóaður í sprungubjörgun. Með öll þessi skíðasvæði er margt í boði og mikilvægt að ná „taktíkt“ góðum degi. Annars geturu lent í röð á púðurdegi sem er martröð allra skíðróna!

Milli þrjú og fimm kemur fólk vanalega niður til Chamonix þótt það dragist af og til en þá kíkjum við oft á barinn í happy hour til að ræða mission dagsins, til dæmis á Monkey bar. Þegar tveir fyrir einn af bjór líður undir lok kemur oftast matartími. Þá fara menn heim að elda eitthvað gúrmé, en það kemur þó fyrir að menn kaupi sér hamborgara, kebab eða kjúklingavængi. Eftir matinn er

stundum stemming fyrir meiri bjór og þá rölta menn á pubbinn. Oftast kemst hins vegar ró á heimilið, menn súpa á rauðu og fólk fer að spá í plönum morgundagsins.

Yfir tímabilið er öll flóran í skíðun könnuð. Stundum er gengið, klifrað, skinnað eða notast við gondóla til að komast að bestu leiðunum. Chamonix býður upp á ótal möguleika í skinnun og oftast er ekki er skinnnað í næstu lönd, svo sem til Sviss eða Ítalíu eða í fjallaskála. Fátt getur kórónað góðan skíðadag betur en að kíkja í pítsu til Ítalíu. Oft er farið í utanbrautarskiðun innan skíðasvæðamarka eða utan þeirra. Fólk eyðir einnig miklum tíma á skíðasvæðum til að æfa tæknina og oft er skíðað á skíðasvæðunum sérstaklega þegar mikið púður er svo hægt sé að komast margar ferðir í púðrinu. Þá eru margar leiðir sem hægt er að skíða frá Aiguille du Midi. Algengur misskilningur er sá að Aiguille du Midi sé lyfta upp á Mont Blanc en svo er ekki.

Nokkrar klassískar leiðir eru niður af Aiguille du Midi stöðinni og er sú frægasta, *Vallée Blanche*, auðveld en æðisleg og fólk kemur allstaðar að

til þess eins að skíða hana og leigir sér yfirleitt IFMGA leiðsögumann. Umhverfið er stórbrotið jökla- og fjallalandslag beint undir Mont Blanc. Nokkrar miserfiðar útgáfur eru af leiðinni. Tvær algengustu leiðirnar í okkar hópi eru *Grand Envers* og *Petit Envers*, en þær eru í meðallagi brattar ef horft er á mælikvarða Chamonix með halla 40°-45° um skeið í efri pörtunum en þægilegri eftir það. Við mælum hiklaust með báðum leiðunum!

Af Midi stöðunni eru fleiri klassískar leiðir og nefnum við nokkur „benchmark“ fyrir steep ski senuna í Chamonix. Það eru þrjár leiðir sem eru í norðvestur fésinu á Midi en þær eru *Glacier Rond*, *Cosmiques couloir* og *Cunningham couloir*, en þær eru allar brattar leiðir með meðalhalla allt að 45° í þónokkuð marga hæðarmetra. Björn og Magnús hafa gert þessar leiðir að helst til daglegum hlut undanfarin vetur. Eiður Smári fór einnig *Glacier Rond*. Á norðurfési Midi eru síðan nokkrar mjög brattar og tæknilegar leiðir sem einungis fáir fara á hverju tímabili bæði vegna þess hverju sjaldan þær eru í aðstæðum og hversu alvarlegar þær eru. Enginn Íslendingur hefur skíðað þessar leiðir.



Eiður í púðri

Við gerðum mjög margt sem hópur í vetur og skíðuðum næstum óendanlega hæðarmetra af nýföllnu púðri, skíðuðum til Sviss, fórum í vitlausan skála, festumst á Midi í tvo daga, skíðuðum niður Grand Montets undir Plan Joran sem er frábært í nýföllnum snjó, skíðuðum niður til Vallorcine frá Le Tour, tókum keppni í svigskíðabraut, fórum á snjóbretti þegar ekki var lengur hægt að troða sér í skíðaskóna, partý-skíðuðum niður Grand Envers, drukkum bjór og tókum yfir Singstar á Bard'up.

Helstu afrek vetrarins áttu Magnús og Björn, en Magnús skíðaði niður norðausturfés Les Courtes sem hefur skíðagráðuna 5.2 og Björn skíðaði *Col du Tacul Capucin traverse* með skíðagráðuna 5.1. NW leiðin niður Les Courtes er 48° brött í 700m og *Col du Tacul Capucin* er 55° þar sem sigið er ofan í leiðina en svo er meðalhallinn 45° í 350m en leiðin endar á öðru sigi. Báðir skíðuðu þeir *Col Des Cristaux* sem er gráðuð 5.1 með meðalhalli 45° í 400m. Báðir hafa þeir farið *Haute Route* eins og sannir blankir skíðarónar á þremur dögum án þess að gista í skálunum, heldur skíðað niður í næstu bæi. Magnús fór tvisvar upp Mont Blanc

í sömu vikunni í fyrra og skíðaði niður norðurfés Mont Blanc í seinna skiptið. Magnús og Viktor fóru *Petite Aiguille Verte*, gráðuð 5.3, sem hefur hallan 50° í 250m.

„Steep skiing“ er sérstök sena af skíðamennsku sem var fundin upp í Chamonix. Þar byrjuðu menn að fíkra sig áfram með sífellt brattari leiðir og fljótt varð það að alþjóðlegu sporti á milli bestu skíðara heims að koma til Chamonix að spreyta sig á bröttustu leiðum heims. En hvað er „steep skiing?“ Í stuttu máli sagt eru þetta brattar skíðaleiðir yfir langa ótroðna brekku þar sem meðalhallinn er stöðugt yfir því marki að þú náir að stoppa þig ef þú dettur. Þetta er aðeins mismunandi eftir snjóastæðum en þegar brekkur eru yfir 35° í lengri tíma byrja þær að flokkast sem „steep skiing“. Skalin er bratta nær síðan upp í um 55° gráðu meðalhalli en eftir það er nánast ómögulegt að skíða nema í frjálsu falli milli beygja. Skíðaleiðir í Chamonix hafa þó verið flokkaðar í erfiðleikakerfi sem er betra en gráðuhallinn sjálfur að fara eftir. Það eru 5 erfiðleikastig (1, 2, 3, 4 og 5) og 3 undirþrep í hverju þeirra, nema í 5 erfiðleikastigi sem er

opið í annan endann. Árið 2016 eru bröttustu og mest krefjandi skíðaleiðir heims í gráðunni 5.5. Þetta svipar til erfiðleikaflokkana eins og tíðkast í klettaklifri. 1. stig er allt byrjandaskíðun en öll þrep eftir það eru töluvert erfiðari og mikill stígandi á milli þrepa.

Í Chamonix má alls ekki missa af öllum gómsætu sætabraudunum í bakaríunum, að fá sér kebab á stað sem stendur á Avenue d'Aiguille du Midi við hliðina á ánni, eða stoppa á borgarastað sem heitir Poco Loco. Einnig er gott að fá sér pítsu á Pizzeria des Moulins og fara á Chambre Neuf um leið og maður kemur úr fjallinu. Bard'up er með mjög skemmtilegt Singstarkvöld á miðvikudögum og svo er hægt að kíkja á nautið á Fu bar í Argentiére. Menn geta síðan kíkt í fræga heita pottinn í sundlauginni í Chamonix, en þar hafa sumir lent í honum kröppum. Það er algjört möst að fara á markaðinn á laugardögum, hann er við Hotel Alpina, og kaupa franska osta, grænmeti og ávexti beint frá bændum í kring. Eftir Midi daga er mjög gaman að fara á bar sem heitir Elevation og að prufa að taka lestarferð með rauðu lestinni.



Kata og Láki sátt eftir mission



Fjölskyldumeðlimir að fá sér pítsu



Erla, Sólveig og Bryndís á leið til byggða



Jói og Maggi nýkomnir inn úr óveðri

Þó flestir sjái þetta líf einungis sem leik þá lærir maður alveg ótrúlega margt, bæði um sig og fjöllin. Skíðarónalífið er ótrúlega skemmtilegt, en þó svo það sé mikið gaman og lífið sé gott, getur þetta líka verið erfitt og þarf að leggja sig allan fram til að halda út 3-5 mánuði á skíðum og passa uppá líkamann, oft er verið að skíða mjög erfiðar leiðir bæði andlega og líkamlega, en einnig er fólk með ýmis markmið þegar kemur að skíðamennskunni og margir sem vilja nota þetta sem undirbúning fyrir frekari menntun í leiðsögn og aðrir sem vilja taka þátt í keppnum svo eitthvað sé nefnt.

Ps. Ekkert okkar fer af stað inn í daginn án þess að hafa heilögu snjóflóðaþrenninguna í bakpokanum, annað væri bara bjánagangur.



Kata og Bryndís á leið niður Grand Envers



Sólveig á lokametrum Col du Passion

www.fi.is

Ferðafélag Íslands

Fjölbreytt starfsemi í yfir 87 ár

Upplifðu náttúru Íslands

Líf og fjör í starfsemi
 Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag sem hefur það markmið að hvetja landsmenn til að ferðast og fræðast um landið. Áhugi á gönguferðum, fjallgöngum og útiveru hefur aldrei verið meiri og er mikið líf og fjör í starfsemi.

Allir finna eitthvað við sitt hæfi
 Ferðafélagið leggur sig fram við að mæta þörfum breiðs hóps með miklu úrvali ferða. Í ferðaflóru félagsins er að finna allt frá söguferðum um grösugar sveitir til erfiðra jöklaferða. Í ferðaáætlun félagsins geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Á 87 árum hefur Ferðafélagið efnt til meira en 8.500 ferða með yfir 200.000 þátttakendum.

Öflug útgáfustarfsemi
 Það eru allir velkomnir í Ferðafélagið og njóta félagsmenn sérkjara, bæði í ferðum, skálum og í fjölda verslana. Auk þess fá allir félagsmenn árbókina senda heim á hverju ári og er það hluti af árgjaldinu. Árbókin er einstæður bókaflökkur um land og náttúru. Auk árbókanna hefur Ferðafélag Íslands staðið að útgáfu handhægra fræðslu- og upplýsingarita um ferðamál, þjóðfræði og sögu landshluta.

Sjálfböðastarfi í góðum félagsskap
 Félagstarfið hefur í gegnum tíðina einkenst af miklu sjálfböðastarfi. Félagar hafa unnið að byggingafrákvæmdum, farið vinnuferðir í skála eða í frágangsferðir, stikað og unnið að uppbyggingu gönguleiða, unnið við brúargerð og margt fleira. Í staðinn hafa þeir fengið fríar ferðir, fæði og félagsskap.

Samgöngubætur og uppbygging svæða
 Félagið hefur unnið markvisst að samgöngubótum, lagt akvegi og brúað ár. Það hefur haft samstarf við sveitarfélög um landgræðslu, náttúruvernd og uppbyggingu svæða eins og t.d. í Landmannalaugum, á Þórsörk og Emstrum.

Sæluhúsin standa öllum opin
 Sæluhús Ferðafélags Íslands og deilda félagsins úti um land eru þægilegir áningarstaðir á ferðalagi um öbyggðir Íslands. Þau eru á 40 stöðum víðsvegar um landið og getur allur almenningur nýtt þau óháð aðild að félaginu.

Aðal samstarfsaðilar FI

VÍS VALITOR FJALLA KOFINN





Skíði - Ottó Ingi Þórisson



Skíði - Ottó Ingi Þórisson

Texti og myndir: Heiða Jónsdóttir

Áramót í Ölpunum



Um áramótin 2013-14 fórum við, Heiða og Sigga, í eftirminnilega ferð í Alpna. Það var eitthvað eirðarleysi í okkur og þrátt fyrir góðar aðstæður á Íslandi splæstum við í flugmiða til Genfar og bílaleigubíl í ofanálag. Planið var að skoða ís-aðstæður og taka nokkra skíðadaga í kaupbæti. Við byrjuðum á að rispa skíðin í snjóléttum brekkunum. Þegar við beygðum framhá fjölskyldum í ára-mótafríi og sjokkið að komu úr fámenninu og myrkrinu á Íslandi í múg og margmenni í fjöllum reyndist okkur ofviða. Skíðin voru lögð til hliðar og axirnar mundaðar. Það reyndist hins vegar vera lítill ís á svæðum í kringum Chamonix svo eftir snísaða klifurdaga á La Cremerie svæðinu við rætur Argentière jökulsins fluttum við höfuðstöðvarnar yfir til Ítalíu þar sem kaffið var svartara og veturinn harðari. Í 1,5 klst akstursfarlægð frá Chamonix leynist Cogne dalurinn, sem er þekktur fyrir gott ísklifur, en fara verður í gegnum Mont Blanc göngin og það kostar sitt. Ísklifrið í Cogne er í tveimur dölum, Valnontey og Lillaz, og eru um 150 leiðir á öllu svæðinu gráðaðar frá WI2 upp í WI5+. Einnig má finna nokkrar mix og drytool leiðir frá M5 til M8 og eflaust hefur eitthvað af leiðum best við. Lengstu leiðirnar eru 350-400 m langar en algengast er að þær séu milli 100 og 200 m. Eðli málsins samkvæmt er mjög mislönng aðkoma að

fossunum eftir því hversu djúpt inni í dölunum þeir eru, allt frá frá 15 mínútum upp í 2,5 klst. Fyrir félagsfélga Íslendinga má mæla með því að halda sig utan almennra fría og helga því þetta er töluvert vinsælt svæði, sérstaklega áður en önnur svæði komast í aðstæður.

Bærinn Cogne er falletgur ítalskur fjallabær og er svæðið þekkt gönguskiðaparadís. Á sumrin er svo skipt yfir í fjallahjól. Bærinn er staðsettur við jaðar Gran Paradiso þjóðgarðsins, sem nefndur er eftir hæsta tindu Ítalíu (rétt rúmlega 4000 m há) sem er allur innan ítalskra landamæra. Tindurinn er vinsæll áfangastaður fjallaskíðaiðkenda og er staðsettur innst inni í Valnontey dalnum (annar ísklifurdalanna).

Lillaz er pínulítið 90 manna sveitaþorp innst inni í Cogne dalnum. Við náðum að gista á tveimur hótélum sem er hægt að mæla með. Annað, Hotel L'Arolla er rekið af yndislegri fjölskyldu. Hitt hótelið, Hotel Ondezana, er meira fókusað á ísklifrara og hægt er fá lánaðar nýjustu ísklifurgræjurnar til prufu án endurgjalds. Þar er finn bar og veitingastaður og algengast er að vera í hálfu eða fullu fæði á hótélunum og alveg hægt að mæla með því.

www.hotelarolla.it www.hotelondezana.it



OPTIMUS

TREK'N EAT
FOOD FOR YOUR OUTDOOR LIFE



Klifur - Þorsteinn Cameron



Mannlíf á fjöllum - Rakei Ósk Snorradóttir



Mannlíf á fjöllum - Þorsteinn Cameron



Klifur - Þorsteinn Cameron

Starfsemi ÍSALP 2016

Stjórn ÍSALP var að mestu leyti endurkjörin á aðalfundi félagsins síðastliðinn september. Ottó Ingi Þórisson tók við stöðu gjaldkera eftir að Katrín Möller flutti úr landi og var Sigurður Ragnarsson fenginn nýr inn í stjórn. Að öðru leyti er stjórn óbreytt: Helgi Egilsson formaður, Þorsteinn Cameron varaformaður, Bjartur Týr Ólafsson, Jónas G. Sigurðsson og Heiða Jónsdóttir meðstjórnendur.

Jólaflífríð 2015 fór fram 19. desember í Múlafjalli og var 21 bill á planinu fyrir neðan fjallið þegar mest var. Gestir voru á milli fjörutíu og fimmtíu talsins. Sama kvöld var boðið til útgáfuþófs nýs ársrits á Sólon í miðbæ Reykjavíkur. Þar bauð klúbburinn upp á bjór á krana og Freysi og Ági stýrðu Pub-Quizu eða Barsvari. Ársritið var einkar veglegt og fékk almennt góðar viðtökur. Þó barst réttmæt kvörtun um að konur hefðu ekki verið áberandi í ritinu.

Ísklifurfestival 2016 var haldið í Kaldakinn við Skjálfaða 12.-14. febrúar. Klifrarar fengu heimgistingu á bænum Björgum hjá Hlödveri og fjölskyldu. Veðrið var gott alla helgina og ónafngreindir heimildarmenn segja að sól hafi skinið á klifrara. Mæting var mjög góð og nokkrir erlendir hetju-klifrarar létu sjá sig. Meðal annars

Albert Leichtfried og Benedikt Purner. Síðasta kvöldið lágu 6 lambalæri í valnum á Björgum. Nokkrar nýjar leiðir voru farnar og allir sátir svo vitað sé. Föstudaginn 26. febrúar var haldið ísklifurpartý í Gufunesturninum. Við fengum aðgang að góðu hljóðkerfi og grilluðum pulsar fyrir utan. Turninn var lýstur upp með kösturum og það myndaðist mjög skemmtileg stemning. Um þrjátíu manns mættu.

Banff kvikmyndahátíðin var haldin í maí. Hún var haldin þriðja árið í röð í Háskólabíói og gekk vel. Íslenskir fjalla-leiðsögumenn og GG sport styrktu hátíðina í þetta sinn og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

ÍSALP veitti nokkrum félögum styrki til ferðalaga þetta árið. Í febrúar styrkti klúbburinn ferð Þorsteins Cameron til Skotlands á BMC International Winter Meet. Einnig fékk Gunnur Ósk Árnadóttir styrk til þátttöku á klettaklifurhittingi fyrir konur í Bretlandi á vegum Pinnacle Club. Undir lok sumars styrkti klúbburinn Ævar Ómarsson og Eysteinn Hjálmarsson til þátttöku í fjallamenskunámskeiði í Íran þar sem þeir klifruðu Mount Sabalan eftir tæknilegri leið í félagsskap íranska landsliðsins í fjallamensku.

Áfram var unnið í Brattamálum en það tók skarpa beygju í sumar þegar samkomulag náðist við Ferðafélag Íslands um aðkomu þeirra að skálanum. Mikil umræða skapaðist um þessa samvinnu og haldnir voru tveir kynningarfundir um málið og loks var endanleg ákvörðun tekin með kosningu á aðalfundi klúbbsins í september. Niðurstaðan var sú að Bratti verður sameign FÍ og ÍSALP en samningsviðræður eru enn í gangi þegar þetta blað fer í prent. Til stendur að skálinn verði fluttur upp í Botnssúlur vorið 2018.

Myndasýning úr Bretlandsferð Ingunnar og Íransferð Ævars og Eysteins var haldin í salnum í Klifurhúsinu 27. september. Í undirbúningi fyrir stórt klifurverkefni í vetur hélt Matteo Meucci fyrirlestur og myndasýningu í Klifurhúsinu miðvikudaginn 5. október. Matteo hefur sett sér það markmið að klifra 100 nýjar vetrarleiðir og hlaupa 100 km maraþon áður en hann verður fertugur á næsta ári. ÍSALP veitir Matteo stuðning í þessu verkefni og mun hann í samvinnu við ÍSALP halda ókeypis ísklifurnámskeið fyrir meðlimi klúbbsins í aðdraganda jólaflífersins nú í desember.

Örugglega á fjöllum

S Í Ð A N 1 9 9 4

NÁMSKEIÐ
FJALLAMENNSKA
LEIÐANGRAR
ÍSKLIFUR
UTANLANDSFERÐIR

ÍSLENSKIR
FJALLALEIDSÖGUMENN

FJALLALEIDSOGUMENN.IS - FJALLALEIDSOGUMENN@FJALLALEIDSOGUMENN.IS - SÍMI: 587 9999



Samantekt: Jónas G. Sigurðsson

Annáll íslenskrar fjallamennsku 2016

Í þessum annál er tíundað það markverðasta í fjallamennsku og klifri, innanlands og utan, vetur og sumar 2015–2016. Aðstæður voru almennt með góðu móti seinasta ár og Ísalparar duglegir að freista gæfunnar á fjöllum. Við fengum einnig þó nokkrar heimsóknir frá erlendum teymum.

Það er því frá mörgu að segja í annálum og hann ekki nærri því tæmandi fyrir öll afrekin sem unnin voru seinasta árið. Athugið að annállinn er að mestu leyti unninn úr því sem skráð er á heimasíðu ÍSALP og hvetjum við alla til að segja frá ferðum sínum þar, jafnt stórum sem smáum.

SUÐVESTURLAND

Fellsfoss var klifinn í fyrsta sinn í febrúar 2016 af Björgvini Hilmarssyni og Matteo Meucci og fékk hann gráðuna WI 5+. Leiðin er beint fyrir ofan Þorvalds-eyri undir Eyjafjöllum og tekur gangan upp að leiðinni rúman klukkutíma.

Í **Vestmannaeyjum** hefur lengi verið talsvert af „klifurleiðum“. Flestar þeirra liggja um brothætt móberg, innihalda tæpa kaðla eða keðjur sem hafa verið úti lengur en elstu menn muna og þjóna oftast því hlutverki að komast úr bátum og upp í eyjarnar. En nú er ný tíð og fyrsta sportklifurleið Vestmannaeyja hefur litið dagsins ljós. Hún ber nafnið Syrtlingur og sandlóa – 5.8, boltuð og frumfarin af Eyþóri Björgvinnssyni og Ásgeiri Guðmundssyni og er staðsett í basaltvegg fyrir ofan fótboltavöllinn við Hásteinsgryfju.

Leirvogsgil hefur að geyma nokkra flotta vegg og góðar grjótglímuprautir. Benjamin Mokry fór þangað sumarið 2015 og endurboltaði *Leiðin undir Esju* – 5.12a, leiðin er fyrsta 5.12 leiðin á Íslandi.

Þeir sem prófað hafa leiðina segja að hún sé mjög stíf fyrir gráðuna og hafa heyrst raddir sem segja að leiðin eigi meira skilið að fá gráðuna 5.12d eða jafnvel 5.13a! Þá er spurning hver fyrsta 5.12 leið Íslendinga er ef að *Leiðin undir Esju* endar á að verða 5.13. Benjamin boltaði fimm leiðir til viðbótar á sama vegg og á ein þeirra eftir að fá uppferð. Leiðirnar eru ekki nefndar og gráðurnar á reiki, nánari upplýsingar síðar.

Esjan er stórt leiksvæði fyrir alls konar íþróttir. Ritstjórn hefur ekki fengið fregnir af nýjum ís-, mix, eða alpklifurleiðum í Esjunni. Hins vegar hafði Páll Sveinsson talað „digurbarklega“ um það í nokkurn tíma að skella upp leiðum í nánd við *Svarta turninn*. Vorið 2016 lét hann verða af þessu og setti upp leiðirnar *Stúlkan í turminum* – 5.6 og *Uglan* – 5.6. Leiðirnar eru langar og mjög þétt boltaðar, 16 boltar eða svo í hvorri leið. Nokkuð hefur verið um það að fólk sé að taka flugferðir í leiðunum vegna laus grjóts svo það ber að hafa í huga að leiðirnar eru alvarlegar þó svo að þær séu léttar og full ástæða er til að klifra þarna með hjálm. Nú er bara að bíða og

sjá hvort að leiðirnar verði eins öruggar og *Svarti turninn* er orðinn með umferð næstu ára.

Brynjudalur hefur lengi verið vinsælt svæði til ísklifurs fyrir Reykvíkinga. Þennan veturinn myndaðist ekki mikill ís þar og t.d. komst *Snati* – WI 5 aldrei í aðstæður. Það vildi svo heppilega til að Sigurður Tómas og Matteo Meucci höfðu farið í vinnuferð um sumarið til að bolta nýja mixklifurleið og í leiðinni opnað nýtt svæði, hægra megin við Nálaraugasvæðið. Svæðið fékk nafnið *Þyrnigerðið* eftir fyrstu leiðinni þar og ákveðið var að sem flestar af verðandi leiðum á svæðinu yrðu tilvísanir í lagatexta frá Jónasi Sig. Fyrsta leiðin, *Þyrnigerðið* – M8, var farin af Róberti Halldórssyni í nóvember 2015, Siggí Tommi náði leiðinni stuttu síðar. Næsta leið sem var boltuð í *Þyrnigerðis* svæðinu heitir *Tollheimtumaður Tízkunar* – M6/7. Hún var uppsett og frumfarin af Jónasi G. Sigurðssyni (ekki þeim sem samdi lagatextana) og Siggí Tomma í desember 2015. Síðast en ekki síst frumfóru Róbert og Siggí Tommi *Svartur á leik* – M10 í janúar 2016.



Það skiptir máli að vera vel græjaður. Frá Grænlandsferð Björgvins Hilmarssonar og féлага.

Sú leið liggur í gegnum þakið sem er vinstra megin við *Nálaraugað* – WI 5.

Múlafjall hefur einnig lengi verið vinsæll ísklifurstaður. Síðustu þrjár kynslóðir klifrara hafa alltaf gert ráð fyrir að kynslóðin á undan hafi farið allt sem mögulega var hægt að fara í fjallinu og kynslóðin þar á undan leit á einna spannar leiðir sem æfingu fyrir stærri leiðir. Því eru heimildir um klifur í Múlafjalli mjög takmarkaðar og glöppóttar. Stjórn Ísalp vinnur nú í gerð leiðarvísis af svæðinu og óskar eftir að meðlimir deili öllum mögulegum og ómögulegum heimildum af fjallinu, hvort sem það eru: Nöfn, gráður, leiðalýsingar, staðsetningar eða annað. Nú þegar er búið að (endur)klifra nokkrar af leiðunum sem eru vinstra megin (austan) við *Testofuna* og hafa þær fengið nöfnin: *Tóti afi*, *Dúna amma*, *Sótanautur*, *Ljótur piltur* og *Drjúpandi*. Tvær leiðir voru farnar í fjallinu sem eru alveg klárlega nýjar. Báðar leiðirnar eru mixleiðir og eru þær boltaðar. Fyrri leiðin fékk nafnið *Thor is back* – M6/+, leiðin er tvær spannar, sú fyrri aðeins léttari, M5/+ og sú seinni M6/+. Leiðin

er staðsett rétt vinstra megin við leiðina *Fimm í fötu*, fullboltuð en sumstaðar er ágætis bil á milli bolta svo það er mælt með að hafa með sér dótarakk. Leiðin var frumfarin í nóvember 2015 af Matteo Meucci og Þorsteini Cameron. Seinni leiðin er í sjálfri *Testofunni*, næsta leið til hægri frá *Mömmuleiðinni*. Leiðin fékk nafnið *Múlakaffi* – M7+/8 og var boltuð og frumfarin af Róberti Halldórssyni í nóvember 2015. Hið árlega jólaflifur var haldið í Múlafjalli nokkrum dögum fyrir jólna og var metþátttaka, þegar mest var voru 21 bíll á svæðinu og eitthvað á milli 40 og 50 klifrarar í fjallinu.

Akrafall hefur í sumar notið talsverða vinsælda sem grjótglímusvæði. Þórður Sævarsson gaf út leiðarvísi um klifur undir Akrafjalli í vor. Mest er af grjótglímu á svæðinu en nú hefur Þórður boltað og frumfarið nokkrar sportleiðir. Þar ber helst að nefna leiðina *Stjakinn* – 5.11d/V5, sem er mjög stutt og er í raun grjótglímupraut en með óskaplega slæmri lendingu, *Varðmenn spýjunnar* – 5.7, *Írskir dagar* – 5.5 og *Ljótur álfur* – 5.8. Leiðin *Ljótur álfur* er gömul leið sem var verið að endurbolta, leiðin

gekk áður undir nafninu *Gyllinæð* en vegna einhvers tepruskaps var leiðin endurnefnd. Leiðarvísinn og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Ísalp og á facebook síðu klifurfélags ÍA.

Bolaklettur er nýlega enduruppögvað ísklifursvæði sem er vel þess virði að heimsækja. Tvær ísleiðir í léttari kantinum voru farnar þar í vetur. Sú fyrri fékk nafnið *Mávahlátur* – WI 3+/4, frumfarin af Þorsteini og Jonna í febrúar 2016 en sú seinni fékk nafnið *Take a walk on the other side of the stars* – WI 4+, frumfarin af Matteo og Eliaz Holzenecht í febrúar 2016. Matteo, Þorsteinn og Jonni eru með rosalega leið í vinnslu í Bolakletti. Fyrri spönnin í leiðinni er mix, sennilega í kringum M9 og svo fylgir stíf WI 5/+ spönn. Búið er að fara þrjár vinnuferðir til að bolta og prófa að klifra leiðina í ofanvaði en leiðin mun sennilega hafast næsta vetur. Íströllin Albert Leichtfried og Benedikt Purner kattu til landsins í febrúar. Eitt af svæðunum sem þeir heimsóttu var Bolaklettur. Þeir vippuðu upp einni leið fyrir okkur að prófa og sýndu hvernig það væri gert að bolta svona

leiðir frá botni. *Hard five* – M8+/WI 6+, hreinsuð, boltuð og frumfarin á einum degi — geri aðrir betur!

Í **Skarðsheiði** hafa ekki verið farnar margar nýjar leiðir síðan að leiðarvísirinn var gefinn út árið 1987 og ekki var breyting þar á þennan veturinn. Ný leið var þó farin þar árið 2015 og gleymdist í síðasta ársriti. Leiðin fékk nafnið *Skarðshryggur* AI3+ og var frumfarin af Andra Bjarnasyni, Frey Inga Björnssyni og Sveini Friðriki Eydal Sveinssyni. Leiðin fylgir NA-hrygg Skarðshorns sem allra mest og byrjar alveg neðst. Hún flóktir eilítið til að elta áhugavert klifur og góða tryggingarstaði og endar svo á toppi Skarðhorns.

Í vetur ber helst að nefna að Katrín Möller og Ottó Ingi gerðu tilraun til að verða þriðja teymið til að klára Skarðsheiðar þrennuna. Ekki vildi betur til þann daginn en að Katrín tók alvarlegt fall á Skarðshorni og braut á sér öklklann. Nánar má lesa um slysið hér framar í blaðinu.

Austurárdalur fékk líka heimsókn frá Albert og Benedikt sem létu sér ekki nægja að vippa upp stórkostlegri mixleið í Bolakletti. Þeir fóru einnig í Austurárdal í Bröttubrekku og klifruðu gamalt project fyrir miðju svæðinu. Leiðin hafði vinnuheitid *Kertasnikir* en fékk nafnið *Tröll leikhús* – WI 7- og er nú erfiðasta ísleið á Íslandi!

NORÐVESTURLAND

Ein ný leið var farin í **Kollafirði** á árinu, það var leiðin *EM draumurinn* 5.8, boltuð og frumfarin af Haraldi Katli Guðjónssyni. Leiðin er við bæinn Klett í Kollafirði og eru einhverjir möguleikar á fleiri leiðum þar.

Ísafjörður og nágrenni

hópur kvenna frá Bandaríkjunum kom til landsins í mars 2016 með ísklifurnámskeiðið *Chicks with picks*. Fyrir hópnun fóru atvinnuisklifarnir Dawn Glanc og Kitty Calhoun. Hópurinn frumfór samtals fjórar leiðir, *Roadside living* – WI 3+ og *Life's a beach* – WI 3+ í Súðavíkurlíð og leiðirnar

Chicks calling – WI3+ og *Chicks with picks* – WI 3+ í Álftafirði. Um páskana voru Jonni og Bjartur Týr Ólafsson staddir á Ísafirði og ákváðu að kíkja upp í Kirkjubólshviltf fyrir ofan Ísafjarðarbæ. Mest áberandi línun varð fyrir valinu, fyrir miðri hvilftinni. Leiðin fékk nafnið *Krossfesting* – WI 4+. Leiðin hefur mjög líklega verið farin áður af Rúnari Óla en hafði að öllum líkindum ekki verið nefnd áður.

Hornstrandir fengu sína fyrstu ísklifurheimsókn í febrúar 2016 svo vitað sé til. Á ferðinni voru franskir klifrarar sem höfðu siglt yfir Atlantshafið á skútu. Þeir dvöldu á Horni og klifruðu á norðanverðu Hornbjargi. Þeir fóru leiðirnar *Mister Renard* – WI 6+, *Maewan* – WI 6, *Fjalirfoss* – WI 5+ og *Valagil* – WI 5+. Allar leiðirnar voru frumfarnar af Yann Borgnet, Philippe Batoux, Aymeric Clouet, og Lionel Daudet. Um sumarið fóru þau Lóa Björk Björnsdóttir og Tómas Ken Shimomura-Magnússon í ævintýralega klifurferð, þar sem þau gengu frá Dalbæ yfir í Leirufjörð, gistu þar og röltu svo yfir í Hrafnafjörð til að klifa Gígjasporshamar. Þau fóru *Fjölskyludumannaleiðina* 5.10b og á leiðinni til baka klifruðu þau einnig Sauratinda.

Norðurfjörður hefur að geyma alveg rosalegt sportklifursvæði. Stefán Steinar Smáráson fór þarna rétt eftir aldarmót og boltaði fjórar leiðir á bilinu 5.9–5.10d og skyldi eftir eitt ófarið verkefni. Í ágúst 2016 fór hópur klifrara að skoða möguleika á frekara klifri í hömrnunum. Hamrabeltið virðist mjög heilt og fínt en þó ekki í sömu gæðum og á Hnappavöllum. Klettabeltið skiptist niður í fimm stór svæði, 4 af þeim eru um það bil 25-30m háir en sá fimmti er í kringum 50m. Jonni og Magnús Arturio Batista hófust handa við að hreinsa, bolta og frumfara nýja leið, lengst vinstra megin í klettabeltinu. Stuttu eftir að leiðin var fullkláruð var Erla Guðný Helgadóttir að máta sig við hana. Það vildi ekki betur en að hún dettur við 11. bolta og tekur nokkuð langt fall sem endar á syllu. Lendingin á syllunni braut á henni öklklann þannig að bein stóð út um 5-7cm. Brotið var mjög opið og blóð sprautaðist út um allt, yfir alla leiðina,

línuna og Bryndís Bjarnadóttur sem var að tryggja hana. Leiðin hlaut því nafnið *Blóðbað* – 5.8 og er það einnig mjög viðeigandi með sögu Stranda í huga.

NORÐURLAND

Haundrangi átti uppferðarafmæli þann 5. ágúst 2016 en þá voru 60 ár síðan að Steinar Waage, Finnur Eyjólfsson og Nicolas Clinch urðu fyrsta teymið til að klifa drangann. Í tilefni dagsins fékk Steinar sér húðflúr af dranganum. Steinar er 89 ára og var hann flúraður á herberginu sínu á Hrafnistu.

Kaldakinn var að þessu sinni fyrir valinu fyrir ísklifurfestival Ísalp. Mæting fór fram úr björtustu vonum og voru um 40 klifrar sem mættu og gistu hjá gestgjöfum okkar á Björgum, þeim Hlöðveri og Konný sem tóku að vanda frábærlega á móti öllum og sáu um eldamennsku fyrir hópinn. Á svæðið mættu íströllin Albert Leichtfried og Benedikt Purner ásamt myndatökumanninum Eliaz Holzenecht. Að vanda var slatti af nýjum leiðum farinn yfir helgina. Albert og Benni fóru leiðirnar *X-files* – WI 6 í Stekkjastaurs svæðinu, *Have no fear, eat skyr* – M7 á svæðinu Girnd, *Sex on the beach* – WI 5+ og *Shooters* – WI4+ á Glassúr svæðinu. Nokkuð strembið er að komast að seinni tveimur leiðnum því jafnvel þó að menn hitti á fjöru þá þarf að hlaupa á milli alda að botni leiðanna. Matteo og Halldór Fannar fóru nýja leið rétt hægra megin við leiðina *Sýnishornið* á svæðinu Girnd. Á Stekkjastaurs svæði frumfóru Arnar Þór Emilsson og Sveinn Eydal *Stönthrut* – WI 4 meðan Freyr Ingi Björnsson og Haukur Már Sveinsson frumfóru *Salómon Svarta* – WI 4/5. Sædis Ólafsdóttir, Védís Ólafsdóttir og Laufey Rún Þorsteinsdóttir frumfóru leið í The Gullies svæðinu sem fékk nafnið *Valkvíði* – WI 3. Í vikunni fyrir festivalið voru Wes Bender og Shawn Morgan frá Bandaríkjunum í ísklifurferð á Björgum og frumfóru þeir tvær leiðir, *Lost in Iceland* – WI 5+ og *Butter and Onions* – WI 5+.

Á Akureyri hafa norðanmenn hafa verið að dunda sér undanfarið í nýjum vegg í Glerárgljúfri og hafa þar verið farnar í ofanvaði 5 leiðir á bilinu 5.7-5.9 og pláss er fyrir tvær til viðbótar. Til stendur að járna vegginn fljótlega. Norðanmenn hafa einnig verið að dunda sér við nýtt grjótglimusvæði í Krossanesborgum, rétt fyrir ofan bæinn. Ber þar helst að nefna highball leiðina *Maður eða mús* – 6B+.

Munkaþverá fékk tvær nýjar leiðir í júlí 2016. Leiðirnar voru hreinsaðar, boltaðar og frumfarnar af Friðfinni Gísla Skúlasyni og Jóni Heiðari Rúnarssyni og bera nöfnin *Róló* – 5.6 og *Skurk* – 5.9. Eftir að leiðirnar *Talía* og *Bókin* hrundu niður í vorleysingum fyrir nokkrum árum hafa fjórar leiðir bæst við síðan að leiðarvísir var síðast gefinn út. Siggí Tommi fór nýlega í afar afkastamikla vinnuferð norður. Leiðirnar *Engin afsökun*, *Björn Járnhaus*, *Stálhnefi*, *Flöskuháls* og *Brjálæði* voru teknar í gegn og endur-boltaðar að einhverju leiti, færðir til boltar, gróður hreinsaður og nokkur grip fest með sikaflex.

AUSTURLAND

Hólmatindur fékk heimsókn í hringferð Alberts og Benna. Þeir fóru upp greinilegustu línuna fyrir miðjum norðurvegg Hólmatinds. Klifrið er nokkuð langt og alvarlegt og gáfu þeir leiðinni nafnið *Houseline* – WI 5.

Búlandstindur í Berufirði hefur lengi verið eitt af ókláruðu verkefnum í íslenski fjallamennsku. Siggí Tommi og Robbi sigruðu vegginn í febrúar 2016 eftir 7 og ½ tíma af klifri. Erfiðleikinn var yfirleitt á bilinu WI 4-5 að undanskildu fyrsta WI 5+ haftinu. Leiðin fékk ekki séstakt nafn en ætli hún verði ekki þekkt sem *Orginalinn* þegar fleiri leiðir bæstast á vegginn enda virðist af nægu að taka fyrir hugrakkar sálir. Von er á ítarlegri grein frá þeim félögum um ferðina í næsta tölublaði Ísalp.

SUÐAUSTURLAND

Vestrahorn var vel sótt til kletta-klifurs. Eyþór Konráðsson og Valdimar Björnsson hafa gefið út glæsilega skissu að leiðarvísi, sem mun vonandi vera gefinn út og seldur í klifurhúsinu á næstu misserum.

Hópur Þjóðverja heimsótti svæðið og frumfóru leiðina *The crazy flippin' Germans* – 7C+, sem Valdi endurtók seinna um sumarið. Þjóðverjarnir fóru einnig leiðirnar *Any given Sunday* – 8A og *Nocturnal activity*.

Einnig var farin vinnuferð í leiðina *Dirty rainbow* – 5.10a, sem var boltuð og frumfarin sumarið 2015. Nú er fyrsta spönnin fullkláruð og aðgengi upp á grassyllu orðið hægt með fastri línu. Næsta sumar er stefnt að því að bæta við fleiri spönnum.

Hnappavellir fengu ekki margar nýjar leiðir í ár en þó hefur eitthvað bæst í og klifrarar hafa verið duglegir að fara þær leiðir sem til eru nú þegar. Daginn eftir að árlega uppfærslan has Jóns Viðars Sigurðssonar á leiðarvísinum mætti í Tóftina þá var Valdimar Björnsson búinn að frumfara leiðina *Mokka* – 5.13c í Gimluklett og fór Kristján Þór Björnsson hana stuttu síðar. *Mokka* var búin að vera opið project í hátt í áratug. Nokkrum vikum síðar kom til landins teymi franskra klifrara. Á meðal þeirra var íslandsvinurinn Devis Boulton sem frumfór leiðina *Addis Ababa* – 5.13a í Gimluklett fyrir nokkrum árum. Einn klifrarana í hópnum, Gérôme Pouvreau,

gerði sér lítið fyrir og klifraði annað óklárað project í Gimluklett, leiðina *Lundi* – 5.13c. Daginn eftir klifraði hann *Kamarprobban* hans Valda og varð fyrsti maðurinn til að klára leiðslu á þessari Grjótglímuþraut. Hann gaf leiðinni gráðuna 5.14a og telst nú vera erfiðasta sportklifurleið Íslands! Frakkarnir létu ekki þar við sitja og klifruðu einig *Mokka* og *Sláturhúsið*.

Valdimar Björnsson boltaði og frumfór nýja leið á Salthöfðanefi síðastliðið sumar. Leiðin fékk nafnið *Burstabær* 5.13c/d og er á sama vegg og *Kúreki norðursins*.

Árni Stefán Haldorsen boltaði nýja leið í Hádegishamri í ágúst 2016. Leiðin er góðan spöl til hægri frá leiðunum *Hellisbúinn* og *Steinbúinn*. Nýja leiðin fékk nafnið *Smali* – 5.10b og er hún í hágæðaflokk.

Rory Harrison klifraði *Sirkús* – 5.12c og Floris Flo fór *Tóftina* – 5.12d en báðar þær leiðir eru fáfarnar. Til gamans má geta að Flo fannst best að æfa *Tóftina* eftir að hafa klifrað Hvannadalshnúk fyrr sama dag. Manuela Magnúsdóttir fór leiðina *Leikið á als oddi* – 5.12a sumarið 2015.

Ekki var farin ný leið á **Hvannadals-hnjúk** síðasta vetur en tveir göngumenn lenntu í hremmingum þar á vormánuðum. Bjartur Týr, félagi Ísalp og leiðsögumaður var á göngu með viðskiptavin síðasta spólinn upp á Hnúkinn sjálfan þegar kunninn féll í gegnum snjóinn. Bjartur henti sér í ísaxsarbremsu en hart snjólag reyndist of erfitt og hnútar á línunni náðu ekki að sökkva inn heldur. Fall kunnans dró Bjart því ofan í sprunguna og þeir féllu saman um 20m niður og lentu heppilega á einskonar snjópúða með svart hlydýpi á báða bóga. Bjartur tryggði kunnann niðri með iskrúfu og sólóklifraði upp snarbrattan bláan jökulís í göngu-broddum og með tvær gönguaxir. Bjartur komst upp, bjó til snjóakkeri og hýfði kunnann upp. Báðir sluppu þeir með skrekkinn ómeiddir sem verður að kallast hin mesta mildi.

Hrútfjallstindar voru heimsóttir af teymi Bandarískra klifrara í marsmánuði og frumfóru þeir nýja leið á suðurvegnum vinstra megin við *Scottsleið*. Leiðin fékk nafnið *Lucky Leif* – WI 5+ og var farin af Spencer Gray og Eythan Sontag. Leiðina klifruðu þeir með áhugaverðum hætti. Félagarnir drógu með sér sleða yfir Svínafellsjökul að fjallsrótinni og gistu þar í tjaldi. Daginn eftir klifruðu þeir þrjár spannar í aðalfossinum sem þeir gráðuðu WI5+, WI5 og WI3. Eftir það bívökuðu þeir félagar áður en þeir kláruðu leiðina næsta dag.

Originallinn fékk líka tvær uppferðir seinasta vetur. Tom King einfór leiðina í lok nóvember og Emily Bridger, Timothy Ekins og Þorsteinn Cameron klifruðu hana um voríð.

Svínafell fékk nokkra athygli en fyrsta ísklifurleiðin sem farin hefur verið við Svínafellsjökul, að Hrútfjallstindum undanskildum, var farin síðasta vetur. Leiðin fékk nafnið *Rolling Stones* – WI 4+ og var klifruð af Hlyni Þráin Sigurjónssyni og Matteo Meucci. Nafnið gefur ákveðna vísbendingu um gæði bergsins sem leiðin liggur um.

Skaftafellsheiði fékk talsvert af heim-sóknum þennan veturinn og eitthvað af nýjum upplýsingum komu í ljós.

Tvær nýjar leiðir voru opnaðar í neðri hluta heiðarinnar. *Glacier Guides* – WI 3+ var frumfarin af Tom King og Bergi Sigurðsyni í desember og *Break a Window* – WI 4 var frumfarin af Hlyni Sigurjónssyni, Kidda Sigurjónssyni og Matteo Meucci í mars. Báðar leiðirnar eru við Skaftafellsjökul og þarf að fara aðeins upp um hann til að komast að leiðunum.

Sigurður Bjarki Ólafsson greip gæsina glóðvolga þegar að óklifinn foss komst í aðstæður við gámabúðirnar í Skaftafelli. Leiðin fékk nafnið „*Fokkaðu þér Ívar, þú ert ekkert búinn með þennan*“ til marks um það að Ívar „Hardcore“ Finnbogason hafði látið þennan foss fram hjá sér fara á gullárum sínum sem ísklifrari. Leiðin fékk gráðuna WI 1.

Margir hafa gengið inn í Morsárdal að sumri til og notið dýrðarinnar þar en færri hafa gengið þar inn að vetrarlagi. Bjartur Týr og Þorsteinn Cameron röltu upp á Kristínartinda í lok marsmánaðar og klifu leið upp vesturvegg tindanna. Leiðin var í mjög tæpum aðstæðum, illtryggjanleg skel sem rétt lafði utan á veggnum. Næstu leiðir á þessum nýja stað ættu hugsanlega að vera farnar fyrir á ísklifurtímabilinu. Leiðin fékk nafnið *IceHot1* og var gráðuð D+ AI 4/M 4.

Róbert Halldórsson og Sigurður Tómas Þórisson gengu einnig inn í Morsárdal þennan veturinn en með talsvert annað verkefni í huga. Þeir stefndu á að klífa einn af fossunum ofan við Morsárjökul. Það gekk ekki sem skyldi vegna stanslauss grjót- og íshruns og þurftu þeir félagar að hörfa úr þeim aðstæðum, sem endaði á því að þeir létu vaða í Búlands-tind eins og má lesa um hér aðeins framar. Að sögn þeirra ef eitthvað teymi ætlar á þessar slóðir aftur þá er vert að velja línuna mjög vel eða jafnvel fara bara eitthvað annað.

Í síðasta ársriti birtist flott grein um leiðina ÍBV á Skarðatinda. Nýjar upplýsingar komu í ljós þegar að verið var að grafast fyrir um leiðina *Lucky Leif*. Teymi Frakka klifraði leiðina víst árið 2007 og skýrðu hana *Jökullélé* – 500m, TD+, M5, WI4. Leiðin var farin af Jean-Baptist Deraeck, Sebastien Ibanez, Sébastien Ratel og Stephane Benoist og skrifast því núna á það teymi.

ÚTLÖND

Fimm manna hópur fagnaði útskrift úr leiðsögunámi Keilis með sportklifurferð til Mexíkó og Bandaríkjanna. Þau voru á ferðalagi í tvo mánuði að skoða hvað svæðin hefðu upp á að bjóða. Þetta voru þau Bergur Ingi Geirsson, Birgir Ottesen Jóhannsson, Elín Lóa Baldursdóttir, Henrik Chadwick Hlynsson og Katrín Kristjánsdóttir. Nánari ferðasögu má lesa framar í blaðinu.

Þorsteinn Cameron, Bjartur Týr og Tom King lögðu í lítinn Evróputúr í september. Fyrst heimsóttu þeir Chamonix og lögðu í hæðaraðlögun

með því að eyða þremur nóttum í hundakofanum fyrir neðan Cosmiques skálann. Þorsteini og Bjarti fannst stórkostlegt hve stutt aðkoman var og gengu úr Midi kláfstöðinni með báðar hendur fullar af rauðvíni og baguettem. Þeir klifruðu Contamine Mazuead á Triangle du Tacul og Cosmiques Arete en Tom klifraði með Pete Graham. Í hitabylgju flúðu strákarnir til Sviss og hittu þar John Gallon og klifruðu mikið í og um kringum Grimsel Pass. Þegar kólnaði á ný héldu Þorsteinn og Tom til Chamonix og hittu þar Sigurð P. Kristjánsson og fóru með honum blöndu af Ice Tooling og Parkins Finish – D á Rognon Du Plan en veðrið lék þá aftur grátt og flúðu þeir þá til Spánar þar sem Þorsteinn bætti sína bestu gráðu í sportklifri með leiðinni *Els Endollats* – 7b.

Grímur Snorrason og Jónas G. Sigurðsson kíktu í mánaðarferð til Las Vegas og voru þeir aðallega að skoða þjóðgarðinn í Red Rocks Canyon. Hitinn fór eitthvað illa í þá svo miklum tíma var eytt í að elta skuggann og að keppast við að inn-

byrgða vatn um leið og það gufaði af þeim. Grímur náði að fara sína fyrstu 5.10a leið og Jónas klifraði á einum degi 21 spönn af dótaklifri þegar hann fór *Solar gullies*, *Solar slabs* og *Rainbow buttress*.

Helgi Egilsson og Rúna Thorarensen fóru til Spánar í nóvember. Voru þau mest megnis í fjölspannaklifri á Piñon de Ifach höfðanum, skammt frá Barcelona.

Ottó Ingi Þórisson og Lára Björgvinsdóttir skelltu sér einnig til Spánar í nóvember. Þeirra för var heitið til Costa Blanca, þar sem þau fundu hið finasta kalksteinsportklifur.

Margir Íslendingar fóru til Rjukan í vetur. Sigurður Ýmir, Magnús og Egill Örn úr Björgunarsveit Hafnafjarðar stoppuðu stutt við í janúar en nýttu tíman vel og fóru m.a. leiðina *Tanja* – WI 5/M 5. Stuttu síðar kom sex manna hópur frá HSSG og Ársæli en þar fóru Rakel Ósk Snorradóttir,

Eiríkur F. Sigursteinsson, Sigurður P. Kristjánsson, Katrín Pétursdóttir, Jóhann Ingi Jónsson og Sandra Sjöfn Helgadóttir sem var þá komin 6 mánuði á leið. Hópurinn klifraði mikið og ber helst að nefna *Vest Vemoksfoss* – WI 5. Tveimur dögum eftir að sá hópur var farinn heim á leið kom annar átta manna hópur frá HSSK og Ársæli. Þar voru á ferð Heiður Þórisdóttir, Hlynur Ingvi Samúelsson, Jónas G. Sigurðsson, Kamil Kluczynski, Magnús Bjarki, Sigurður Bjarki Ólafsson, Viktoría Ósk Jóhannesdóttir og Þórður Aðalsteinsson. Sigi P hafði verið eftir í Rjukan og fagnaði vel næsta holti af félögum. Farnar voru fjölmargar leiðir en helst má nefna *Fabrikkfossen* – WI 3 og *Juvsola* – WI 6. Þau reyndu sig einnig við nokkrar mixleiðir og má þar nefna *Tanja* og *Dick in a toaster* – M6. Allir í hópnum bættu sínar hæstu gráður.

Leifur Örn fór síðustu gráðuna á Suðurpólinn og klifraði líka Vinson Massif. Þetta var önnur ferð Leifs á Vinson en hann lauk í fyrra Explorers

Grand Slam með því að komast á topp Kilimanjaro. Auk þess að hafa gengið á tindana sjö hefur hann gengið á bæði Suður- og Norðurpólinn.

Þorsteinn Cameron fór í febrúar fyrir hönd Ísalp á British Mountaineering Council's 2016 International Winter Climbing Meet. Mótið var í þetta sinn haldið á Glenmore Lodge í Cairngorms, Skotlandi. Hátíðin varði í 5 daga og var stórkostlega vel skipulögð. Hátt í 50 erlendir klifrarar mættu frá meira en 20 mismunandi löndum. Þeim var öllum parað með heimamanni, sem voru allir vel kunnugir skosku vetrarklifri. Leiðarval var ákveðið í sameiningu á hverju kvöldi með öl í hönd. Væðrið var því miður ekki eins og best verður kosið en djúp lægð lá yfir landinu. Það dró þó ekki úr andanum og fóru margir í klettaklifur á stuttermabolum við ströndina — vægast sagt furðulegt skoskt vetrarklifur. Fljótlega færðist kuldi í fjöllin og urðu aðstæður vægast sagt skoskar. Hitastigið sveiflaðist í kringum frostmark og snjóþæfingur límdist við veggina í hviðum sem mældust upp í 60m/s. Þá mátti loks leggja af stað í hæðirnar en það er lykilatriði í skosku vetrarklifri að hafa allar góðar festur og tryggingar vel faldar undir ferskum snjó og hrími — annars telst leiðin ekki réttmætlega klifin. Aðallega var klifrað í Coire an t-Sneachda og Coire an Lochain en nokkur teymi lögðu leiðir sínar að Ben Eighe og Ben Nevis. Þorsteinn klifraði með Pete Graham og Malcolm Scott. Þeir fóru leiðirnar *Seamstress* – IV 6, *The Seam* – IV 5, *Stirling Bomber* – V 7 og *Doctor's Choice* – IV 4.

Sigurður Ragnarsson fór í júní á klifurnámskeið til Chamonix undir leiðsögn Wolfgang Huber. Markmið námskeiðsins var skilvirkni í klifri og fóru þeir meðal annars leiðirnar *Cosmiques Arete*, *Aiguille L'Index* og *Kohlman* – TD+ á suðurhlíð Aiguille du Midi.

Í júní fóru fjórir Eyjapeyjar; Ásgeir Guðmundsson, Bergur Sigurðarson, Bjartur Týr Ólafsson og Eyþór Björgvinsson, til Frakklands í klifurferð. Sökum mikillar vætu í Chamonix var förenni heitið suður til Verdon

gljúfursins í leit að þurrum klettum. Þar klifruðu drengirnir nokkrar fjölspanna sport leiðir, m.a. *La Bleue* – 6b+, *Lunathine* – 6a+. Eftir viku í sólinni syðra fóru strákarnir aftur til Chamonix þar sem þeir fóru m.a. *Poème a Lou* – 6b+ á Brévent og *Peroux* – 6a+ á L'index.

Ingunn Ósk Árnadóttir fór í júní til Skotlands á klettaklifurhátíð fyrir konur. Meira má lesa um ferðina hennar í grein hér í blaðinu. Ferðin var styrkt af Ísalp.

Í byrjun ágúst í ár fóru þeir Björgvin Hilmarsson, Jón Gauti Jónsson, Leifur Örn Svavarsson og Ólafur Júlíusson til Grænlands og héldu verkefni sínu East Greenland Rock Climbing Project (EGRP) áfram. Markmið verkefnisins er einkum þrjúþætt; að kanna klifurmöguleika á austur Grænlandi, setja upp og bolta sportklifurleiðir á Kulusuk eyju og svo kynna sportið fyrir börnum og unglíngum á svæðinu. Farnar hafa verið þrjár ferðir, 2014, 2015 og nú 2016. Í fyrstu ferðinni voru boltaðar nokkrar leiðir rétt við Kulusuk þorpið og fleiri leiðir hafa bæst við í hverri ferð. Nú eru meira en 20 boltaðar leiðir í þremur sectorum, flestar í léttari kantinum (4c til 6b), enda hugsunin sú að þær nýtist byrjendum og til kennslu. Í um klukkustundar göngufjarlægð frá Kulusuk er svo einnig að finna vegg með möguleika á fjölspannaklifri. Þar hafa félagarnir sett upp eina boltaða fjögurra spanna leið og fleiri eru á teikniborðinu. Í þriðju ferðinni nú í ár voru haldin klifurnámskeið fyrir börnin í Kulusuk og einnig fyrir börn sem komu siglandi frá Tasiilaq. Skemmst er frá að segja að þau voru öll mjög áhugasöm og mörg hver sýndu mikil tilþrif. Til þess að mögulegt væri að halda þessi námskeið þurfti heilmikið af búnaði, svo sem klifurskó, belti, hjálma, línur og annað sem með hjálp fjölmargra styrktaraðila tókst að útvega og svo skilja eftir. Frekara námskeiðshald er á döfinni og von þeirra féлага að þetta sé aðeins byrjunin. Í ferðunum þremur hafa félagarnir einnig ferðast aðeins lengra frá Kulusuk og í fjalllendi nærri Tiniteqilaaq. Þar hafa þeir klifið fallega og áður óklifna tinda í bland við aðra sem hafa líklega ekki verið klifnir oftast en einu sinni áður. Þetta svæði og

fleiri á austur Grænlandi bjóða upp á skemmtilega möguleika á fjallmennsku. Helsti bakhjarl verkefnisins eru Íslenskir Fjallaleiðsögumenn en verkefninu í heild og aðkomu og velvilja annarra styrktaraðila verður alveg örugglega gerð frekari skil í grein í næsta ársriti. Þá verður líka vonandi hægt að birta fullbúna leiðarvísu og almennar upplýsingar um klifur á svæðinu.

Eysteinn Hjálmarsson og Ævar Ómarsson fóru í ágúst til Írans á fjallaklifurhátíð í boði Ísalp. Ferðin var skipulögð af Íraska Alpaklúbbum og voru Eysteinn og Ævar einu vesturlandabúarnir á hátíðinni. Hún stóð í níu daga og endaði á tind Mt. Sabalan.

Kamil Kluczyński fór til Alaska og gerði þar tvær tilraunir við Denali. Hann lagði af stað á fjallið með félaganum sínum eftir langa bið í óveðri. Örstutt frá toppnum skall á aftakaveður sem neyddi þá til að snúa við. Þegar þeir voru loks komnir í búðirnar sínar höfðu þeir verið á gangi í meira en sólarhring. Seinni tilraunina gerði Kamil einn síns liðs og náði þá toppnum. Aftur var hann úti á göngu í meira en sólarhring. Þegar hann kom í tjaldið sitt fór hann í öll fötin sem hann var með og reyndi að ná örstuttri kríu áður en hann lagði af stað niður. Denali er oft kallað kaldasta fjall heimsins.

Guðmundur Freyr Arnarsson, Adrian Markowski Polska og Sajja Justina Grosel fóru til Slóveníu þar sem Mundi fór leiðina *Sonce v oceh* – 8a+ í Mišja Peč og er þetta hæsta gráða sem hann hefur klifrað til þessa og ein sú hæsta sem Íslendingur hefur farið.

Þorsteinn lagði aftur leið sína í Alpana um haustið með Tom King. Í þetta sinn hituðu þeir upp á leiðinni *Risveglio de Kundalini* – D+ í Val di Mello áður en þeir fóru yfir landamærin til Sviss og klifruðu *Voi de Cassin* – TD á norðurveggi Piz Badile en hann telst sem einn af sex frægu norðurveggjum alpanna. Að því loknu héldu þeir til Chamonix og áttu þar rafmagnaða ferð upp Mer de Glace – D á Aiguille du Grepón.